ÁRMANN KR. ÓLAFSSON
*Svipan góða frá afa notuð sem stofustáss*
heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
*Kamína og útgengi á hellulagða verönd*
Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
11. ágúst 2008 — 216. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Sögur af flugmönnum

Snorri Bjarnvin og Ingvar Mar hafa gefið út DVD-disk með 22 viðtölum við atvinnuflugmenn og viðeigandi myndefni, því elsta frá 1943.



TÍMAMÓT 16

### KK fyrir SS

Tónlistarmaðurinn er hæstánægður með lagið sem hann samdi fyrir gamla vinnuveitandann sinn

FÓLK 22

### Valgerður er María



Valgerður Guðnadóttir fer með hlutverk Maríu í Söngvaseiði sem Borgarleikhúsið setur upp á næsta leikári

FÓLK 30

### Sigur gegn Rússum

Strákarnir okkar fóru vel af stað á Ólympíuleikunum í Peking.



ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA** Í dag verða norðaustan 3-10 m/s, stífastur SA-til. Skýjað norðan til og austan og hætt við lítilsháttar vætu en fyirleitt nokkuð bjart veður sunnan til og vestan. Hiti 8-15 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Nýr forstjóri LSH fær fjórðungs hækkun

**Laun forstjóra Landspítalans hækka um 25 prósent þegar nýr forstjóri kemur til starfa. Ljósmæður krefjast sambærilegrar prósentuhækkunar, en á því hefur ekki verið ljáð máls. Hjúkrunarfræðingar fengu nýverið 14 prósenta hækkun.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Kjararáð hefur ákveðið að hækka laun forstjóra Landspítalans frá og með 1. september, þegar nýr forstjóri kemur til starfa. Launin hækka um ríflega áttatíu prósent sé miðað við eldri úrskurð kjaranefndar. Sé miðað við raunveruleg laun fyrrverandi forstjóra nemur hækkunin um 25 prósentum. Heilbrigðisráðherra hefur ekki skipað nýjan forstjóra.

Samkvæmt úrskurði kjararáðs munu laun forstjórans verða 1.618.565 krónur. Magnús Pétursson, sem nýverið lét af starfi forstjóra, var með um 1,3 milljónir króna í mánaðarlaun. Hækkunin nemur því um 25 prósentum.

Um áratugur er síðan kjaranefnd, forveri kjararáðs, úrskurðaði um laun forstjóra Landspítalans. Ekki hafa fengist nákvæmar upplýsingar um úrskurð ráðsins, en viðmælendur Fréttablaðsins segja úrskurðinn hljóða upp á tæplega 900 þúsund króna mánaðarlaun. Hækkunin miðað við þá upphæð nemur rúmum áttatíu prósentum.

„Það er greinilegt að það eru til peningar á Landspítalanum, við þurfum þá engu að kvíða,“ segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands.

Félagið stendur nú í samningaviðræðum við ríkið, og telja ljósmæður að þær þurfi um 25 prósenta hækkun til að standa jafnfætis öðrum með sambærilega menntun. Á því hafa samningamenn ríkisins ekki ljáð máls, og hafa ljósmæður boðað aðgerðir til að leggja áherslu á kröfurnar.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir hækkunina hjá forstjóranum ríflega, en í nýsamþykktum samningi fengu hjúkrunarfræðingar ríflega fjórtán prósenta hækkun.

Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins, staðfestir að laun fyrrverandi forstjóra hafi á síðasta ári verið um 1,3 milljónir króna, mun hærri en úrskurður kjaranefndar sagði fyrir um. Berglind segir muninn skýrast af því að samið hafi verið sérstaklega við fyrrverandi forstjóra vegna aukins álags við sameiningu Landspítala og Borgarspítala.

Í rökstuðningi kjararáðs segir að ráðið vilji leitast við að tryggja eðlilegt samræmi milli launa forstjórans og heildarlauna annarra æðstu stjórnenda spítalans.

Ekki náðist í Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra við vinnslu fréttarinnar í gær. - bj



**FYLGST MEÐ FÉLÖGUNUM** Örn Arnarson, Erla Dögg Haraldsdóttir og Sarah Blake Bateman kepptu í sundi á Ólympíuleikunum í Kína í gær. Félagar þeirra úr íslenska landsliðinu í sundi fylgdust með og hvöttu þau til dáða. - Sjá síður 24 og 26. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kaupstefna vegna gagnavera fer fram í Bandaríkjunum síðar á árinu:

# Vilja fá ráðherra á kaupstefnu

**IÐNAÐUR** Seljendur og kaupendur gagnavera munu koma saman á mikilli kaupstefnu í Bandaríkjunum síðar á þessu ári. Óskað hefur verið eftir því að íslenskir ráðamenn verði viðstaddir kaupstefnuna.

„Það hefur verið óskað eftir því að íslenskir ráðherrar komi þangað til þess að kynna þessa möguleika betur og vonandi til þess að ganga frá einhverju inn í framtíðina,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa erlendir aðilar sýnt mikinn áhuga á uppsetningu gagnavera á Íslandi og lagningu sæstrengs til Bandaríkjanna.

Össur segir ákveðinn glugga vera opinn í þessum málum nú um stundir, sem helgist af því að verið sé að endurskipuleggja þessa tegund af starfsemi. „Þeir leggja mikla áherslu á grænu orkuna og það að geta gert orkusamninga til langs tíma en það geta þeir ekki gert í Bandaríkjunum.“ - þeb



**HANAAT** Louisiana er síðasta ríki Bandaríkjanna til að banna hanaat. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

Breytingar í Bandaríkjunum:

# Banna hanaat

**BANDARÍKIN, AP** Síðustu löglegu hanaötin í Louisiana í Bandaríkjunum munu fara fram næstkomandi föstudag. Eftir það taka lög sem banna þessa blóðugu íþrótt gildi, þrátt fyrir mótmæli heimamanna.

„Hanar munu berjast áfram,“ segir Elizabeth Barras, sem rekur hanaatshring í Louisiana. Hún segir bann í öðrum ríkjum ekki hafa stöðvað hanaöt, nú sé þeim bara leynt fyrir yfirvöldum.

Loisiana er síðasta ríkið í Bandaríkjunum til að banna hanaat, og lætur nú undan eftir gríðarlegan þrýsting frá dýraverndunarsinnum. - bj

Skemmtigarður í Grafarvogi:

# Villta vestrið rís í Gufunesi

**FÓLK „Þetta er Villta vestrið,“ segir Eyþór Guðjónsson sem vinnur nú hörðum höndum að því að reisa skemmtigarð í Gufunesi. Verið er að reisa þyrpingu sem minnir óneitanlega mikið á Villta vestrið, enda er það fyrirmyndin. Robb Wilson King hannaði leikmyndina, en hann hefur hannað leikmyndir fyrir yfir fimmtíu Hollywood-myndir.**

**Áætlað er að Villta vestrið verði opnað í september en það er aðeins fyrsti hluti skemmtigarðarins, sem verður einkar stór með fjölbreyttri afþreyingu fyrir fullorðið fólk.** - shs / sjá síðu 30

ÚTSALA !
25 - 70 %
AFSLÁTTUR
Parket, Flísar, Hurðar
Hreinlætistæki ofl.
Parki
INTERIORS
PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / S:5643500

SUBWAY
í fínu formi
18
Subway staðir um allt land
Reykjavík • Kópavogi • Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði

TENGI
mora
Mikið úrval blöndunartækja

Opið virka daga frá 8-18
Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000
Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Snorri, ertu að leita að þínum líkum?*

Nei, þeir fyrirfinnast ekki.

Snorri Ásmundsson auglýsti á dögunum eftir líki til að nota í vídeóinnsetningu í Listasafni Akureyrar.

Stjórnvöld í Írak vilja að Bandaríkjastjórn tímasetji brotthvarf heraflans frá Írak:

# Viðræður vel á veg komnar

**BAGDAD, AP** Utanríkisráðherra Íraks sagði í gær að bandarísk stjórnvöld verði að samþykkja að tímasetja brotthvarf herafla síns frá landinu. Viðræður um veru Bandaríkjahers í landinu hafa tekið lengri tíma en áætlað var, en þær hófust í ársbyrjun.

Hoshyar Zebari, utanríkisráðherra Íraks, sagði viðræðurnar langt komnar, og samkomulag væri í augsýn. Stefnt var að því að ljúka viðræðunum fyrir lok júlí.

Tveir háttsettir menn í íraksa stjórnkerfinu hafa haldið því fram að í samkomulaginu muni felast að bandarískir hermenn verði horfnir frá írökskum borgum fyrir lok júní á næsta ári. Allar sveitir hersins sem ætlað er að standa í bardögum verði svo farnir úr landinu fyrir október 2010. Síðustu hermennirnir muni svo yfirgefa landið þremur árum síðar.

Zebari sagði í gær að Írakar muni ekki sætta sig við samkomulag með óljósum loforðum um brotthvarf bandarískra hermanna. Hann gaf þó í skyn að ákvæði yrðu í samkomulaginu um að dagsetningarnar muni breytast kalli aðstæður í landinu á það.

Bandarísk stjórnvöld hafa ekki viljað tímasetja brotthvarf hersins, en lögðu áherslu á að bætt ástand í landinu væri grundvöllur þess að viðræðurnar gengju vel. **- bj**



**SPRENGING** Ættingi hlúir að írökskum manni sem slasaðist í sprengingu í Bagdad í gær. Nokkrar sprengiárásir voru gerðar í landinu í gær. Í það minnsta níu féllu og 50 særðust. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengingar í Xinjiang í Kína:

## Ellefu létust eftir sprengingar

**KÍNA, AP Tíu sprengjuárásarmenn og einn öryggisvörður létust eftir sprengingar í Xinjiang-héraði í gær. Íbúar héraðsins eru flestir múslimar.**

**Sprengingarnar voru við lögreglustöð og aðrar stjórnsýslubyggingar, banka og verslunarmiðstöð. Að sögn fréttamiðla í Kína voru sprengingarnar tólf talsins. Að sögn lögreglu sprengdu tveir árásarmannanna sig í loft upp en lögregla felldi átta þeirra. Tveir til viðbótar voru handteknir.**

**Í síðustu viku létust sextán manns í árás í Xinjiang-héraði. - þeb**



**BLÓÐ Á LÆKJARGÖTU** Maðurinn missti mikið blóð að sögn lögreglu en er þó ekki alvarlega slasaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Árás á Lækjargötu í fyrrinótt:

## Skorinn á hálsi með flösku

**LÖGREGLUMÁL Maður var stunginn í hálsinn með brotinni flösku á Lækjargötu í fyrrinótt. Rannsókn málsins er í fullum gangi en enginn hefur verið handtekinn. Vitni gátu þó lýst árásarmönnunum tveimur og leitaði lögregla að þeim í gær.**

**Maðurinn fékk að fara heim eftir aðhlynningu. Hann er ekki alvarlega slasaður en missti mikið blóð. Hann var með stóran skurð á hálsinum fyrir neðan eyra. Málið er í rannsókn. - ges**

Ómar Ragnarsson svarar LV:

## Borstæði blasir við Leirhnjúk

**NÁTTÚRUVERND** Nýtt borsvæði Landsvirkjunar (LV) vegna Kröfluvirkjunar norður af Víti blasir við í 1,5 kílómetra fjarlægð frá Leirhnjúk, segir Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar.

Forsvarsmenn LV hafa sagt Ómar fara með rangt mál þegar hann sagði að til stæði að bora við Leirhnjúk, og segja svæðið á skilgreindu iðnaðarsvæði.

Ómar segir nálægðina við Leirhnjúk sýna hvernig eyðileggja á ímynd hins óraskaða Leirhnjúkssvæðis með því að breyta eystri hluta þess endanlega í iðnaðarsvæði með mannvirkjagerð svipaðri þeirri sem sjá megi við Hellisheiðarvirkjun. **- bj**

# Heyrnarskert börn greind alltof seint

**Hátt í sextíu íslensk börn eru heyrnarskert án þess að hafa verið greind. Þau glíma við félagsleg vandamál sem hægt væri að koma í veg fyrir með snemmbúinni greiningu. Tilraunaverkefni með skoðun hefur skilað góðum árangri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Hátt í sextíu íslensk börn undir sex ára aldri eru heyrnarskert án þess að hafa verið greind sem slík," segir Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. „Meðalgreiningaraldurinn hér á tímabilinu 2002 til 2006 var um það bil fimm ár, sem er allt of hátt. Þegar börn greinast svona seint þurfa þau að öllum líkindum að glíma við félagsleg vandræði og erfiðleika í málþroska. Ef þau greinast hins vegar strax við fæðingu er hægt að grípa til aðgerða eins og kuðungsígræðslu eða heyrnartækis. Það fyrirbyggir nánast allan vanda í framtíðinni."



**INGIBJÖRG HINRIKSDÓTTIR**

Aðstandendur heyrnarskertra barna átta sig oftast ekki á því að undarleg hegðun og skrýtið tal og raddbeiting barnanna stafi af heyrnarleysi heldur telja það stafa af öðrum orsökum. „Þess vegna er mikilvægt að heyrnarmæla börn skömmu eftir fæðingu sem hluta af svokallaðri fimm daga skoðun," segir Ingibjörg.

Í tæplega eitt og hálft ár hefur staðið yfir tilraunaverkefni þar sem börn hafa farið í slíka skoðun. „Þetta er samstarfsverkefni Landspítalans og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Við höfum greint börn sem fæðast í Reykjavík. Samtals um það bil helming barna sem fæðst hafa hérlendis á tímabilinu."

„Á fyrsta árinu greindust þrjú alvarlega heyrnarskert börn og fleiri eru enn í rannsókn. Ekkert barn fætt 2006 hefur verið greint. Þetta sýnir að líklega eru sex til tíu börn fædd það ár sem ekki hafa notið viðeigandi meðferðarúrræða." Sömu sögu er væntanlega að segja um árin þar á undan.

„Það er brýnt að fá fjármagn til að geta haldið áfram að bjóða upp á þessar skoðanir þegar verkefninu lýkur í apríl á næsta ári. Ég tel einnig að það sé ekki nóg að sinna skoðununum í Reykjavík. Við þurfum að geta gert þetta á landinu öllu."

Hún bendir á að þessar heyrnarmælingar séu framkvæmdar í flestum Evrópulöndum og að við séum eina Norðurlandaþjóðin sem ekki býður upp á þær.

Hún telur þetta ekki eingöngu mikilvægt mál fyrir heyrnarskerta og aðstandendur þeirra. „Við teljum að þetta verði fjárhagslega hagkvæmt þegar upp er staðið." **gudmundure@frettabladid.is**



**BÖRN** Hægt er að leysa megnið af vandamálum heyrnarskertra barna með heyrnartækjum eða kuðungsígræðslu.



**ÚTBLÁSTUR** Vísindamenn renna hýru auga til hitans í útblæstri bifreiða. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Nýta hitann úr útblæstrinum:

## Vilja draga úr bensínnotkun

**BANDARÍKIN, AP** Vísindamenn hjá stórum bílaframleiðendum eru langt komnir með að þróa tækni sem getur dregið úr eldsneytisnotkun bíla. Tæknin nýtir hitann úr útblæstri bílanna til að draga úr notkuninni.

Forsvarsmenn General Motors (GM) segjast nærri því að fullkomna tæknina, og sama segja forsvarsmenn BMW. Vísindamenn hjá GM segja nýju tæknina geta minnkað eldsneytisnotkun um fimm prósent.

Markmiðið er að minnka eldsneytisnotkun um tíu prósent. **- bj**

Birgir Ármannsson:

## Vill skoða austurrísku leiðina

**DÓMSMÁL „Austurríska leiðin er eitthvað sem ég tel að þurfi að skoða," segir Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis.**

**Austurríska leiðin gengur út á að í tilvikum þar sem sterkur grunur leikur á heimilisofbeldi sé hægt að fjarlægja geranda af heimilinu. „Oft hefur eina úrræðið verið að fórnarlambið og eftir atvikum börn þurfi að flýja af heimilinu - en þessi aðferð á að reyna að snúa því við. Menn hafa hingað til ekki treyst sér til að fara þessa leið vegna friðhelgi heimilisins en mér finnst tilefni til að taka nýja umferð í umræðunni um þetta mál." - ges**




Hlaup hófst í Skaftá á laugardag en ekki er útlit fyrir að það verði mjög stórt:

# Sumarhús rýmd vegna hlaups

**FLÓÐ** Þrír sumarbústaðir í Skaftárdal voru rýmdir í gær eftir að hlaup hófst í Skaftá. Hlaupið hófst á laugardag en búist var við því að það næði hámarki í nótt eða snemma í morgun.

Ekki var útlit fyrir það að hlaupið yrði stórt þegar Fréttablaðið fór í prentun. Þá mældist rennsli árinnar um 360 rúmmetrar á sekúndu við Sveinstind, þar sem það mælist venjulega um 50.

Að sögn Guðmundar Inga Ingasonar, varðstjóra lögreglunnar á Hvolsvelli, fóru björgunarsveitarmenn á staðinn í gær og tryggðu að þar væru engir ferðamenn á ferli. Í hlaupum sem þessum er mikil hætta á brennisteinseitrun sé fólk í námunda við hlaupið. Fólk er því beðið um að vera ekki nálægt upptökum árinnar. Guðmundur segir að þrjú sumarhús hafi verið rýmd í gær, en engir íbúar á svæðinu hafa þurft að yfirgefa heimili sín.

Skaftá á upptök sín úr Skaftárjökli austan við Langasjó. Skaftárhlaup koma úr Skaftárkötlum, sem eru tveir. Venjulega líða um tvö ár á milli hlaupa úr hvorum katli. Hlaupið nú kemur úr vestari katlinum og er minna í sniðum en síðustu hlaup úr eystri katlinum. **- þeb**



**SKAFTÁ** Vatnsborð árinnar hafði hækkað nokkuð í gærdag þegar lögregla fór um svæðið. MYND/GUÐMUNDUR INGI INGASON

# Tilboð sem eru algjört bíó!

**6 x í Bíó!**
**– og 2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. með öllum símatilboðum Nova!**




DAGUR & STEINI

BÍÓKORT NOVA




**Nokia 6120**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.




**Sony Ericsson K660i**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.




**Samsung L760**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

**Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímann og færð 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði – þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann. Að auki fylgir Bíókort Nova – 6x frítt í bíó með öllum símatilboðum í áskrift og frelsi. Skiptu núna!**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort.    Bíókort Nova fylgir öllum símatilboðum á meðan birgðir endast.

## GENGIÐ 08.08.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 82,59 | 82,99 |
| Sterlingspund | 158,84 | 159,62 |
| Evra | 124,72 | 125,42 |
| Dönsk króna | 16,717 | 16,815 |
| Norsk króna | 15,602 | 15,694 |
| Sænsk króna | 13,283 | 13,361 |
| Japanskt jen | 0,7519 | 0,7563 |
| SDR | 131,47 | 132,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
162,0081

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðsóknin að golfvöllum landsins fer sívaxandi:

# Golfiðkunin vex í kreppunni

**ÁSTUNDUN** „Okkur finnst eins og fólk spili meira golf núna þegar minna er að gera í þjóðfélaginu, við sjáum til dæmis iðnaðarmenn sem hafa sökum annríkis verið frá um nokkurt skeið en eru nú að koma til okkar aftur," segir Ólafur Ágústsson, vallarstjóri hjá Golfklúbbi Keilis í Hafnarfirði.

„Þróunin í Bretlandi sýnir það líka að þegar minna er að gera í atvinnulífinu þá eykst golfiðkunin," bætir hann við.

En sumir láta vinnuna ekki aftra sér við golfiðkunina. Aðalsteinn Ingólfsson, vallarstjóri á Grafarholtsvelli, segir að þar séu menn jafnvel byrjaðir að leika um klukkan sex að morgni áður en þeir halda til vinnu. Ólafur segist einnig verða var við þá þróun að menn byrji daginn á golfvellinum.

„Þetta er bara orðin vinsælasta íþrótt landsins," segir Róbert Halldórsson, vallarstjóri Garðavallar á Akranesi. Samkvæmt könnun sem Capacent gerði fyrir Golfsamband Íslands og kynnt var fyrir nokkrum mánuðum höfðu um 35 þúsund Íslendingar leikið meira en fimm golfhringi á síðasta ári. Það sem af er þessu ári hafa um 40 þúsund golfhringir verið leiknir hjá Keili og um 50 þúsund á þremur völlum sem Golfklúbbur Reykjavíkur rekur.



**Á GOLFVELLI KEILIS** Þegar hægist á í atvinnulífinu fjölgar á golfvellinum segir vallarstjóri Keilis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir eru því fleiri en Róbert sem halda því fram að golfið hafi velt knattspyrnunni úr sessi sem vinsælasta íþrótt landsins. - jse

Sprenging í gasverksmiðju:

# Þúsundir flúðu heimili sín

**TORONTO, AP** Þúsundir íbúa í nágrenni við gasverksmiðju í borginni Toronto í Kanada flúðu heimili sín eftir að eldur varð laus í verksmiðjunni. Mikil sprenging varð í verksmiðjunni, og brotnuðu rúður í nærliggjandi húsum.

Yfirvöld í borginni segja engan hafa látist í sprengingunni, en lögreglan segir einhverja hafa hlotið minniháttar áverka þegar rúðugleri rigndi yfir þá.

„Ég held að við höfum verið afskaplega heppin," sagði Bob O'Hallarn, yfirmaður hjá slökkviliði borgarinnar. - bj

Átök við talibana í Pakistan:

# Yfir hundrað látnir í Pakistan

**PAKISTAN Yfir hundrað manns hafa látist í átökum í Pakistan undanfarna fjóra daga. Átökin eiga sér stað nálægt landamærunum við Afganistan.**

**Íbúar í héraðinu Bajaur hafa verið fluttir frá héraðinu eftir að átök milli hersins og talibana hörðnuðu.**

**Stjórnvöld í Afganistan og Nató hafa gagnrýnt stjórnvöld í Pakistan fyrir lélega öryggisgæslu meðfram landamærunum og segja gæsluleysið vera himnasendingu fyrir Al-Kaída og talibana.** - þeb

Nýung hjá borginni:

# Skipulag kynnt í sundlaugum

**SKIPULAGSMÁL** Upplýsingastöndum með skipulagsáætlunum viðkomandi hverfa verður á næstu vikum komið fyrir við allar sundlaugar Reykjavíkur.

„Við lítum á sundlaugarnar sem okkar torg þar sem íbúar hverfanna koma saman," segir Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar. Ólöf segir alltaf mögulegt að skoða upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar eða hjá skipulags- og byggingarsviði. „Þetta er aukin þjónusta við íbúa borgarinnar, til að gera allar þær áætlanir sem við annars setjum á netið, auglýsum í blöðum og setjum upp í upplýsingaskálanum aðgengilegar fleiri borgarbúum." - ovd

## LÖGREGLA

### Mikil umferð frá Dalvík

Rólegt var hjá lögreglunni á Dalvík í gær þrátt fyrir mikla umferð úr bænum eftir Fiskidaginn mikla. Hátt í þrjátíu þúsund manns sóttu hátíðina og því var nokkuð þétt umferð úr bænum að hátíðinni lokinni. Að sögn lögreglu gekk hátíðin slysalaust fyrir sig en eitthvað var um stimpingar föstudagsnóttina.

# Vill að ríkið leggi sitt af mörkum til Strætós

**Bæjarstjórinn í Hafnarfirði vill að ríkið leggi sitt af mörkum í reksturinn á Strætó. Gunnar Birgisson tekur í sama streng. Kristján Möller samgönguráðherra segir að rekstur Strætós verði áfram á könnu sveitarfélaganna.**

**SAMGÖNGUR** „Okkar kröfur eru þær að ríkisvaldið komi inn í rekstur Strætós bs.," segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu vantar um 300 milljónir króna til þess að endar nái saman hjá fyrirtækinu. Hugmyndir eru jafnvel uppi innan stjórnar fyrirtækisins um að fækka ferðum töluvert.

„Stór hluti af auknum rekstrarkostnaði er hækkun á olíuverðinu. Sú hækkun skilar ríkinu hins vegar auknum tekjum. Það gengur ekki að ríkið sé bara að græða á almenningssamgöngunum meðan við sitjum uppi með reikninginn," segir Lúðvík. „Samgönguráðherra og fleiri hafa lýst yfir vilja til að koma þarna inn en það sem vantar er að menn efni loforðin. Það er hagur ríkisins ekkert síður en sveitarfélaganna að hafa góðar almenningssamgöngur. Ég tel að þennan möguleika vanti inn í umræðuna."

Hann segir óvíst hvort sveitarfélögin muni auka framlög sín til Strætós eða hvort ferðunum muni fækka. „En lendingin verður trúlega blanda af þessum tveimur þáttum og aðkomu ríkisins."

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, er sömuleiðis ósáttur við að ríkið komi ekki að rekstrinum. „Við höfum rætt við fjármálaráðherra og forsætisráðherra um þetta mál en það hefur ekkert komið út úr því. Það eru ákveðin vonbrigði."

Kristján Möller segist ekki kannast við þessa umræðu.



**STRÆTÓ** Mikill halli er á rekstri Strætó. Rætt hefur verið um að skera niður með því að fækka ferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**LÚÐVÍK GEIRSSON**



**KRISTJÁN MÖLLER**

„Rekstur strætisvagnanna er verkefni sveitarfélaganna og mun vera það áfram."

„Mér finnst hjákátlegt að biðja um aðkomu ríkisins á meðan menn eru að afsala sér tekjum," segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar. Þar á hann við að bjóða fólki ókeypis í strætó, eins og Kópavogsbær hyggst gera fyrir alla íbúa bæjarins og hin sveitarfélögin fyrir námsmenn. Námsmenn í Garðabæ munu ekki fá ókeypis í strætó eins og síðastliðið ár. „Þegar við erum að afsala okkur tekjum með því að gefa fólki frítt þá er ómögulegt að fjölga ferðunum," segir Gunnar. „Það er fyrirsjáanlegt að framlag sveitarfélaganna muni hækka í fjóra milljarða. Þá getum við ekki verið að tapa tekjum. Það hvort það kosti eitthvað í strætó ræður ekki úrslitum um það hvort fólk nýtir sér almenningssamgöngur eða ekki. Aðalatriðið er að ferðirnar séu tíðar og vagninn sé fljótur í förum. Ég legg mikla áherslu á að fækka ekki ferðunum."

gudmundure@frettabladid.is

Hugmyndir um metanstrætó:

# Hægt að spara tugi milljóna

**SAMGÖNGUR** Hægt væri að spara tugi milljóna króna á ári með því að nota metan í stað dísilolíu á strætisvagna.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

„Það er 25 prósentum ódýrara að reka þessa vagna sem er drjúgt, sérstaklega þegar reksturinn er svona erfiður," segir Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætós bs.

Kostnaðurinn við olíukaup fyrirtækisins fór um 90 milljónir fram úr áætlun.

„Við erum að skoða með opnum huga að skipta yfir í metanvagna," segir Ármann. „Það er raunhæft að skipta en þetta er bara á frumstigi hjá okkur." - ges

Bæjarstjórinn á Ísafirði:

# Áhrif kreppu lítil fyrir vestan

**EFNAHAGSMÁL Meðan verið er að búa fólk undir þrengingar með uppsögnum og gjaldþrotum á suðvesturhorninu eru verkalýðs- og sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum fullir bjartsýni.**

**„Menn bera engan kvíðboga fyrir haustinu," segir Helgi Ólafsson hjá Verkalýðsfélagi Vestfjarða. „Við eigum ekki von á uppsagnahrinu hér."**

**Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, tekur í sama streng. „Við förum ekkert varhluta af ástandinu en undanfarin ár hefur hagvöxtur á landsbyggðinni verið í mínus meðan hann hefur verið um 50 prósent á höfuðborgarsvæðinu svo það segir sig sjálf að þegar kreppir að verður höggið mun þyngra þar sem þenslan er mest."** - jse

Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Pevaryl® , Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fáanlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**LITLAR BREYTINGAR** Það eru horfur á áframhaldandi hægviðri næstu daga en helst er að blási úti við suðaustur- og austurströndina. Bjartast verður sunnanlands en það gæti þó breyst síðar í vikunni því um hana miðja gæti orðið bjart um mest allt land.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 22° |
| London | 21° |
| París | 23° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Berlín | 25° |
| Alicante | 32° |
| Mallorca | 34° |
| Basel | 27° |
| Eindhoven | 22° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 23° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Þú sérð framtíðina í stjörnunum
MacBook er tilvalin fyrir framtíðarverkefnin. Hvort sem þau tengjast skóla, vinnu eða skemmtun.
Kynntu þér skólapakkann hjá Apple IMC sem inniheldur m.a. 13” MacBook frá 124.990 kr.
Apple IMC
Verslanir Apple, Kringlunni og Laugavegi 182
Apple IMC /Humac er umboðsaðili Apple á Íslandi

## KJÖRKASSINN



*Fórst þú í miðbæ Reykjavíkur til að taka þátt í eða fylgjast með Gleðigöngunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 18,9% |
| Nei | 81,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sáttur við hækkun á launum forstjóra Landspítalans?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Maður komst lífs af þegar trilla sökk við Skagafjörð aðfaranótt sunnudags:

# Rak í átt að stórgrýttri fjöru

**SJÁVARHÁSKI** Mannbjörg varð þegar trilla sökk í Skagafirði aðfaranótt sunnudags. Einn maður var um borð og komst hann í björgunarbát. Maðurinn fannst skammt undan Þórðarhöfða, þá orðinn mjög þrekaður. Hann var fluttur á Sjúkrahúsið á Sauðárkróki.

Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni hafði maðurinn ætlað að koma til hafnar um klukkan eitt í fyrranótt, en þegar hann hafði ekki skilað sér til hafnar klukkan þrjú um nóttina hafði eiginkona hans samband við vaktstöð siglinga. Björgunarsveitin Grettir á Hofsósi var kölluð út og fannst maðurinn klukkan 4.32. Gekk björgunin hratt og vel fyrir sig. Skömmu áður en maðurinn fannst hafði skeyti borist úr sjálfvirkum neyðarsendi björgunarbátsins. Maðurinn hafði lent í hremmingum nálægt Þórðarhöfða þar sem hann fannst, en bátinn hafði rekið í átt að stórgrýttri fjöru og reri maðurinn þar lífróður. Starfsmaður Landhelgisgæslunnar sagðist ekki geta gefið upp frekari upplýsingar um slysið fyrr en rannsókn málsins væri lokið.

**- sm**




**SKAGAFJÖRÐUR** Lítil trilla sökk í Skagafirði aðfaranótt sunnudags. Einn maður var um borð.

Ein setlaug stóðst ekki kröfur:

# Almennt hreinar sundlaugar

**SUNDLAUGAR „Ég held að við séum bara í mjög góðum málum,“ segir Ingibjörg H. Elíasdóttir, yfirmaður eftirlits með sundlaugum Reykjavíkur, um niðurstöður sýnatöku af heildargerlum sem kynnt var fyrir skömmu.**

**Aðeins ein setlaug var yfir viðmiðunargildi um leyfilegt hámark gerla samkvæmt sýnatökunum. Ingibjörg segir að búið sé að hreinsa setlaugina.**

**„Það er ansi gott að aðeins eitt sýni er yfir mörkunum. Sundlaugarnar eru undir góðu eftirliti hjá starfsfólki Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur,“ segir Ingibjörg.**

**- vsp / gse**



**FJÖLSKYLDUHJÁLPIN** Það er útlit fyrir mikið annríki hjá Fjölskylduhjálpinni.
MYND/JÓN SIGURÐUR

Fjölskylduhjálp opnar að nýju:

# Sjálfboðaliðar sjá um öryggið

**MANNÚÐAMÁL** Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, segir að ekki verði sótt um styrk til að borga öryggisvörðum til að vera við matarúthlutanir þar. Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt að veita Mæðrastyrksnefnd slíkan styrk upp á 800 þúsund krónur eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu.

„Við stöndum að sjálfsögðu frammi fyrir sama vandamáli og þær í Mæðrastyrksnefnd en við erum með nokkra karlmenn hjá okkur, reyndar eru margir þeirra öryrkjar, en við reynum alltaf að leysa málin þegar eitthvað kemur upp,“ segir Ásgerður.

Á miðvikudag verður Fjölskylduhjálpin með fyrstu úthlutunina eftir sumarhlé sem staðið hefur síðan í júnílok. **- jse**

## LÖGREGLUMÁL

### Ölvaður ökumaður tekinn

Lögreglan á Akranesi stöðvaði ölvaðan ökumann á Skólabraut aðfaranótt sunnudags. Lögreglan var við reglubundið eftirlit þegar ökumaðurinn var stöðvaður og reyndist hann vera töluvert ölvaður.

### Margir óku of hratt

Lögreglan í Borgarnesi hafði í gær stöðvað þrettán ökumenn fyrir hraðakstur. Sá sem hraðast ók mældist á 130 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Lögreglan segir mikla umferð hafa verið um þjóðveginn þessa helgi.

# Rússar virðast tregir til að staðfesta vopnahlé í Ossetíu

**Átök héldu áfram í Suður-Ossetíu í gær, þriðja daginn í röð. Stjórnvöld í Georgíu segjast hafa dregið allan herafla sinn út úr héraðinu. Alþjóðasamfélagið hefur hvatt stríðandi fylkingar til að leggja niður vopn.**

**GEORGÍA, AP** Stjórnvöld í Georgíu fullyrtu í gær að stjórnarher landsins hefði að fullu dregið sig út úr Suður-Ossetíu, og lýstu yfir vopnahléi.

Rússnesk stjórnvöld virðast treg til að staðfesta vopnahléið þrátt fyrir mikinn þrýsting frá alþjóðasamfélaginu. Þau segja georgíska hermenn enn berjast við aðskilnaðarsinna og rússneska hermenn innan héraðsins. Enginn friður verði fyrr en þeir leggi niður vopn.

Stjórnarher Georgíu réðist inn í Suður-Ossetíu á föstudag. Héraðið tilheyrir Georgíu, en hefur í raun notið sjálfstæðis frá landinu frá því árið 1992. Hið sama á við um héraðið Abkasíu, og óttast menn nú að aðskilnaðarsinnar í héraðinu noti tækifærið til að hrekja georgíska hermenn frá héraðinu.

Rússnesk stjórnvöld staðfesta að þeim hafi borist ósk Georgíumanna um vopnahlé. Þau segja skilyrði fyrir því að fallist verði á slíkt vopnahlé að her Georgíu dragi sig út úr Suður-Ossetíu. Þá verði stjórnvöld í Georgíu að heita því að reyna að beita ekki vopnavaldi gegn íbúum héraðsins í framtíðinni.

Rússnesk stjórnvöld tilkynntu í gær að rússneski Svartahafsflotinn, sem kominn er að strönd Georgíu, hefði sökkt fallbyssubát georgíska sjóhersins þar sem hann gerði sig líklegan til að ráðast á rússnesk herskip. Stjórnvöld í Georgíu hafa ekki staðfest að atvikið hafi átt sér stað.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti í gær til þess að stríðandi fylkingar legðu niður vopn og vopnahléi yrði tafarlaust komið á. Öryggisráð SÞ fundaði í gær í fjórða skiptið á jafnmörgum dögum um átökin, en þar sem Rússar hafa neitunarvald í ráðinu virðast hendur þess að mestu bundnar.

Tölur um mannfall í átökunum eru enn á reiki. Utanríkisráðherra Rússlands sagði í gær að um 2.000 hefðu fallið, flestir óbreyttir borgarar frá Suður-Ossetíu með rússnesk vegabréf. Báðar hliðar saka hina um tilraun til þjóðarmorðs í Suður-Ossetíu.

George W. Bush Bandaríkjaforseti ítrekaði í gær óskir um vopnahlé á svæðinu. Hann sakaði Rússa um að nota sér ástandið til að gera loftárásir á hernaðarleg skotmörk í Georgíu, utan átakasvæðisins.

Aðstoðarþjóðaröryggisráðgjafi Bush varaði Rússa við því að með því að víkka út átökin í Georgíu gæti Rússland haft umtalsverð neikvæð áhrif á samband Rússlands við Bandaríkin.

Bandarísk stjórnvöld hafa verið í góðu sambandi við stjórnvöld í Georgíu, og meðal annars aðstoðað við þjálfun herafla ríkisins. Georgísk stjórnvöld hafa sótt það fast að fá aðild að Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu, sem hefur aflað þeim óvinsælda hjá rússneskum stjórnvöldum. **brjann@frettabladid.is**



**HERFLUTNINGAR** Hermaður aðskilnaðarsinna í Suður-Ossetíu fylgist með brynvörðum bíl rússneska hersins fara í gegnum þorp í héraðinu. NORDICPHOTOS/AFP



**Á FLÓTTA** Straumur flóttamanna liggur frá þorpum í Suður-Ossetíu. Flóttamenn flýja bæði til Norður-Ossetíu, sem tilheyrir Rússlandi, og til Georgíu.
NORDICPHOTOS/AFP




Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

# SKÓLINN BYRJAR Á NÝ

## SLEIPNIR

VIND- OG VATNSHELT

Sportlegur einangraður kuldafatnaður úr 2ja laga vind- og vatnsheldu efni. Úlpan er með gerviskinn innaní hettu og hálsi. Stór vasi að framan. Sleipnir fæst í stærðum 4 - 14 ára.



VATNSHELT

VINDHELT

66° NORÐUR

## BRAGI

Dúnúlpa



Einstaklega hlý og notaleg

66° NORÐUR

## ÁSGARÐUR

Ullarblanda



Hlý og mjúk



Hindrar að kuldaboli komist að hálsi, kinnum og enni

66° NORÐUR

## 66°NORÐUR SJÓARA BAKPOKI

20 lítra



100% vatnsheldur

66° NORÐUR

## VEISTU SVARIÐ?



1 Frá hvaða skóla voru nemendur útskrifaðir í fyrsta sinn á laugardag?

2 Hversu mikið af sjávarfangi var í boði á Fiskideginum mikla á Dalvík?

3 Hvaða listamaður óskaði eftir líkum í auglýsingu á dögunum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Skýrsla Viðskiptaráðs vegna Listmenntaskóla er til meðhöndlunar:

# Listmenntaskóli í burðarliðnum

**MENNTAMÁL** Stefnt er að því að Listmenntaskóli Íslands taki til starfa haustið 2010. Skýrsla Viðskiptaráðs um væntanlegan Listmenntaskóla er nú til meðhöndlunar hjá menntamálaráðuneytinu. Svar á að berast frá ráðuneytinu með haustinu að sögn Sölva Sveinssonar, verkefnisstjóra hjá Viðskiptaráði Íslands.

„Allar listgreinar verða kenndar í skólanum. Tónlistarskólinn í Reykjavík og Myndlistarskólinn í Reykjavík munu leggjast af í núverandi mynd og taka upp starfsemi í nýja Listmenntaskólanum," segir Sölvi.

Sölvi segir að gert sé ráð fyrir að nemendur skólans taki kjarnaeiningar í íslensku, stærðfræði og ensku en jafnframt sé stefnt að sem frjálsustu vali nemenda á námsleiðum. Hægt verði að velja fög milli brauta og nemendum úr öðrum skólum gefist sömuleiðis tækifæri til að stunda hluta náms í Listmenntaskólanum.



SÖLVI SVEINSSON

„Það er alls staðar mikill stuðningur við hugmyndina. Nemendur sjá sér hag í því að stunda nám á einum og sama staðnum," segir Sölvi.

Stefnt er að því að skólinn verði rekinn af hlutafélagi með aðild Viðskiptaráðs og fleiri aðila í núverandi húsnæði Háskólans í Reykjavík. Nemendur í fullu námi yrðu um 850 og skólagjöld helmingi lægri en gerist í tónlistar- og myndlistarskólum höfuðborgarsvæðisins að sögn Sölva. - vsp



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK** flytur í Vatnsmýrina og Listmenntaskólinn kemur í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.






**AKRANES** Undirbúningur undir komu flóttafólks í bæinn gengur vel og hefur fjöldi sjálfboðaliða gefið kost á sér. MYND/SVIPMYND

# Flóttafólk á Skaga komið með íbúðir

**Óðum styttist í komu 29 flóttamanna til Akraness. Undirbúningur stendur sem hæst og nú hefur allt flóttafólkið fengið íbúðir. Verið er að koma þeim í stand.**

**FLÓTTAMENN** Undirbúningur stendur nú sem hæst fyrir komu 29 flóttamanna til Akraness. Fólkið er væntanlegt í byrjun september og nú hefur tekist að útvega íbúðir fyrir allt fólkið.



LINDA BJÖRK GUÐRÚNARDÓTTIR

„Hér stendur allur undirbúningur sem hæst. Við vorum að klára samninga um íbúðir og erum að vinna í því að útvega tengiliði innan samfélagsins," segir Linda Björk Guðrúnardóttir, verkefnisstjóri hjá Akranesbæ. Bæjarfélagið leigir íbúðirnar til eins árs, en það er sá tími sem verkefnið sjálft stendur yfir. Að því loknu á aðlögun fólksins að samfélaginu að vera lokið.

Í þeirri aðlögun flest ýmiss konar fræðslustarf. „Við erum að ganga frá samningum um íslenskuog samfélagsfræðikennslu þessa dagana. Ekki er alveg komið á hreint hvernig henni verður háttað," segir Linda.

Í samfélagsfræðikennslu felst meðal annars starfsþjálfun og vinna í framhaldi af því. Hvenær og í hvaða formi hún verður mun ráðast af aðstæðum hvers og eins þegar þar að kemur.

Anna Lára Steindal, framkvæmdastjóri Akranesdeildar Rauða krossins, segir fjölda fólks hafa boðið fram aðstoð sína. Búið sé að safna gríðarlega miklu magni af húsgögnum, búsáhöldum og fötum og nú liggi fyrir að gera íbúðirnar að heimili fyrir fólkið.

„Þetta hefur gengið mjög vel og við höfum alls staðar mætt velvild. Við erum að koma upp stuðningsfjölskyldukerfi, en hver fjölskylda mun hafa tvær til þrjár stuðningsfjölskyldur. Þá hefur fjöldi fólks haft samband og boðið fram aðstoð sína, í stóru jafnt sem smáu. Við hittum engan sem hallmælir verkefninu," segir Anna Lára.

Hún segir að íbúðirnar fáist afhentar um miðjan ágúst og þá sé þörf á vinnufúsum höndum til að búa þær sem best. Þegar líður að komu flóttafólksins stendur Rauði krossinn fyrir námskeiði fyrir stuðningsfjölskyldurnar.

Flóttafólkið sem væntanlegt er á Akranes hefst við í Al Waleedflóttamannabúðunum á landamærum Íraks og Sýrlands. Það eru frá Palestínu, en hafa mörg hver dvalið í búðunum, við skelfilegar aðstæður, í nokkur ár.

Í búðunum er bágborin hreinlætis- og hjúkrunarþjónusta, enda 400 kílómetrar á næstu sjúkrastofnun.

kolbeinn@frettabladid.is




# Bush heftir för blaðamanna



HENRY BIRGIR GUNNARSSON
bloggar frá Ólympíuleikunum í Peking

Þessir fyrstu dagar í Peking hafa verið ákaflega skemmtilegir. Kínverjarnir virðast hafa hugsað fyrir öllu. Jaa, nánast. Það fór nefnilega allt til fjandans þegar George Bush keyrði niður á Ólympíusvæðið. Bílalestin sem fylgdi honum taldi hátt í fimmtíu bíla og var öll umferð stöðvuð á meðan og það í drjúgan tíma.

Þar á meðal rútur blaðamanna sem fyrir vikið komust ekki á áfangastað í tíma. Sumir hverjir misstu það algjörlega og kröfðust þess að bílstjórarnir keyrðu þá nýjar leiðir ella myndu þeir hljóta verra af. Engar líkamsárásarkærur hafa enn verið lagðar inn.

Annars eru rúturnar sem blaðamenn eru fluttir um í hálfgert drasl. Komast ekki yfir 50 og virðast vera með vél sem væri helst boðleg í vespur. Svo sem í lagi á styttri leiðum en verður hálfneyðarlegt á hraðbrautunum enda flauta aðrir bílar ótt og títt á rúturnar hægu sem hanga í svona 40 kílómetra hraða í litlum halla. Spurning hvort rúturnar lifi af þessar vikur sem leikarnir standa yfir?






**Te & Kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga**

ENNEMM / SÍA / NM34391 / Ljósm. Gunnar Sverrisson


**GULLVERÐLAUNAHAFAR** Dýfingakonurnar Guo Jingjing og Wu Minxia unnu gullverðlaun í keppni af þriggja metra palli á Ólympíuleikunum í Kína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stærsti öreindahraðall heims sem tók fimm ár í smíðum tilbúinn til notkunar í Sviss:

# Árekstrar öreinda skoðaðir í risavél

**SVISS, AP** Stærsta vél sem smíðuð hefur verið til þess að rannsaka smæstu agnir heimsins verður gangsett í næsta mánuði í CERN-rannsóknarstöðinni í Sviss.

Þann 10. september verður fyrstu öreindunum skotið af stað inn í hraðal, sem er 27 kílómetra langt hringlaga rör djúpt í jörðinni undir landamærum Frakklands og Sviss. Þegar öreindastraumurinn verður stöðugur í báðar áttir, sem væntanlega ætti að nást síðar á þessu ári, þá er meiningin að búa til fyrsta áreksturinn.

Smám saman á að auka afl vélanna og fyrir árslok er búist við að áður óþekktum orkuhæðum verði náð. Fullum krafti nær búnaðurinn þó ekki fyrr en árið 2010.

Á nokkrum stöðum meðfram hringlaga hraðalnum eru rými, sem hvert um sig er á stærð við dómkirkju. og þar eru stórir nemar sem eiga að greina öreindaregnið sem myndast við árekstrana.

Vísindamenn vonast eftir nýjum upplýsingum um hegðun öreindanna og þeirra krafta sem þær lúta. Jafnvel er vonast til þess að menn komist nær því að skilja hvernig heimurinn varð til.

CERN er samevrópsk rannsóknarstöð í öreindafræðum. Nýi hraðallinn kostar um 320 milljarða króna og hefur verið í smíðum síðan 2003. - gb


**FIMM ÁR Í SMÍÐUM** Nýi öreindahraðallinn í CERN á að gera vísindamönnum kleift að afhjúpa nokkur torveldustu leyndarmál alheimsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glæfraakstur á fjórhjóli:

## Farþegi hjólsins lá eftir slasaður

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu veitti sextán ára ökumanni fjórhjóls eftirför í Hafnarfirði um kaffileytið í gær.

Ökumaðurinn keyrði ásamt farþega eftir Strandgötu og mældist á 101 kílómetra hraða, þar sem leyfilegur hámarkshraði er 50 kílómetrar. Lögreglan veitti ökuþórnum eftirför en missti sjónar af honum þegar hann beygði inn á göngustíg.

Farþegi fjórhjólsins fannst þó þar sem hann lá slasaður eftir að hafa dottið af farartækinu.

Farþeginn er að sögn lögreglu ekki illa slasaður og beið þess að fara í yfirheyrslu í gær eftir að hlúð hafði verið að sárum hans á slysadeild. Vitni urðu að slysinu og náðist ökumaður farartækisins stuttu seinna. Málið telst upplýst. - sm

Gangur himintungla hefur áhrif á störf lögreglunnar:

## Mun meira álag undir fullu tungli

**LÖGREGLUMÁL** „Það sparar mér mikla fjármuni að það verði ekki fullt tungl á menningarnótt,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu. Hann segist lengi hafa haldið því fram að meira álag sé hjá lögreglunni þegar tunglið er fullt og því hafi hann fjölmennari vaktir þær helgar þegar svo ber undir.

„Þetta sést til dæmis á því að í fyrra var menningarnótt ekki á slíkum degi og þá fór hún sérlega vel fram en árið þar áður var hún þegar það var fullt tungl og þá höfðum við í nógu að snúast.“

Þetta kemur heim og saman við reynslu starfsfólks hjá Neyðarlínunni. „Reyndari menn hér segja að álagið sé meira þegar það er fullt tungl,“ segir Dagný Halldórsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar. „Þó höfum við engan sérstakan viðbúnað til að mæta þessu, við bara höfum þetta í huga.“

„Við látum gang himintungla ekki hafa nein áhrif á vaktaskipanina hér,“ segir Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri. „En við höfum hreinlega ekkert velt þessum tengslum fyrir okkur, það kann að vera að eitthvað sé til í þessu.“

Fullt tungl verður næst 16. ágúst sem er laugardagur svo væntanlega verður lögreglan í Reykjavík vel mönnuð það kvöldið. - jse


**BLÖNDULÓN** Yfirfall varð ekki í Blöndulóni fyrr en 4. september í fyrra en hófst 1. ágúst í ár. Myndin er tekin í fyrrahaust. MYND/JÓNAS SIGURGEIRSSON

# Blanda á yfirfalli en veiði stunduð áfram

**Miðlunarlón Blönduvirkjunar fór á yfirfall í síðustu viku. Leigutaki Blöndu segir reynda veiðimenn ráða við slíkar aðstæður og selur áfram leyfi í ána.**

**STANGVEIÐI** Þrátt fyrir að Blöndulón hafa farið á yfirfall í síðustu viku og áin því lítt veiðanleg eru enn seld veiðileyfi í ánna.

„Blanda var alltaf svona í gamla daga og þá var veitt. Nú eru það gamlir og vanir laxveiðimenn sem veiða - þótt veiðin sé ekki fínleg, aðallega maðkaveiði og spúnveiði,“ segir Stefán Sigurðsson hjá Lax-á, leigutaka Blöndu.

Stefán segir verð á veiðileyfum í Blöndu snarlækka í byrjun ágúst. „Ef menn hafa keypt þessi ódýru leyfi og áin er svo ekki komin á yfirfall þá eru þeir auðvitað heppnir,“ segir Stefán og upplýsir að um eitt þúsund laxar séu komnir úr Blöndu það sem af er sumri.

„Það eru ennþá hörkugöngur og sorglegt að áin sé farin á yfirfall því það væri hægt að veiða helmingi meira ef áin væri hrein. En svo er líka spurning hvenær byrjar að kólna því þá minnkar rennslið og áin verður veiðanlegri þótt hún verði ekki eins hrein aftur.“

Mikil hlýindi hafa verið í sumar en Guðmundur Björnsson hjá Landsvirkjun segir þó vatnsbúskap í miðlunarlónum fyrir virkjanir fyrirtækisins vera í meðallagi. „Í venjulegu árferði fer Blanda á yfirfall um eða eftir verslunarmannahelgina svo það er alveg innan skekkjumarka að hún hafi farið á yfirfall á þessum tíma,“ segir Guðmundur.

> „Blanda var alltaf svona í gamla daga og þá var veitt. Nú eru það gamlir og vanir laxveiðimenn sem veiða - þótt veiðin sé ekki fínleg, aðallega maðkaveiði og spúnveiði.
>
> **STEFÁN SIGURÐSSON**
> HJÁ LAX-Á, LEIGUTAKA BLÖNDU.

Að sögn Jónasar Sigurgeirssonar hjá Blönduvirkjun var lónið um það bil að fyllast í byrjun ágúst í fyrra þegar taflið snerist skyndilega. „Þá kólnaði og það lækkaði aftur í lóninu. Það var síðan ekki fyrr en 4. september að það fór á yfirfall. Sem var auðvitað gott fyrir laxveiðimennina,“ segir Jónas.

Guðmundur segir að nú vanti aðeins fjóra metra upp á að Hálslón Kárahnjúkavirkjunar fyllist. „Við sendum frá okkur tilkynningu um þetta með aðvörun á næstu dögum,“ segir hann.

Þröstur Elliðason hjá Strengjum, sem selja veiðileyfi á vatnasvæði Jökulsár á Dal, segir veiðar lítið hafa verið reyndar í efri hluta árinnar það sem af sé.

„Yfirfallið kemur kannski um 10. ágúst og við ætlum að reyna dálítið þangað til. Þá má ekki gleyma því að rennslið gæti minnkað þannig að yfirfallið hætti og áin orðið veiðanleg í september,“ segir Þröstur Elliðason.

gar@frettabladid.is





Kawasaki KXF 450
Verð áður ~~860.000~~ kr.
Nú 790.000 kr.
Árgerð 2008
450cc - Vatnskælt - 5 gíra
99,8 kg

Kawasaki KXF 250
Verð áður ~~830.000~~ kr.
Nú 770.000 kr.
Árgerð 2008
250cc - Vatnskælt - 5 gíra
92,5 kg

Kawasaki KL KXF 450
Verð áður ~~1.210.000~~ kr.
Nú 990.000 kr.
Árgerð 2007
Götuskráð supremoto
450cc - Vatnskælt - 5 gíra
106 kg

Kawasaki KL KXF 250
Verð áður ~~1.050.000~~ kr.
Nú 890.000 kr.
Árgerð 2007
Götuskráð endurohjól
250cc - Vatnskælt - 5 gíra
92,8 kg

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220. WWW.NITRO.IS
Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.
NITRO

Undanrennuduft vinsælla:

# Mjólkurafurðir í aukinni útrás

**VIÐSKIPTI Það sem af er ári hafa 600 tonn af undanrennudufti, rúm 220 tonn af smjöri og 75 tonn af skyri verið flutt út. Þetta er þó nokkur aukning í undanrennuduftinu en minna í skyri.**

**Í janúar var ekkert flutt út af undanrennudufti, 25 til 70 tonn á mánuði frá febrúar til maí og loks 400 tonn í júní. Baldur Helgi Benjamínson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir sveiflurnar eðlilegar. „Útflutningurinn á duftinu er tilfallandi. Þetta er gert til þess að tappa af markaðnum hér. Skyrið er eina varan sem er flutt út reglubundið.“** - ges

Æfingasvæði golfara á Vífilsstaðavelli er ekki girt af og liggur alveg að Vetrarbraut:

# Vegfarendur óttast kúlnaregn af golfvelli

**ÚTIVIST** „Hér eru slegnir um tuttugu þúsund boltar á góðum degi og þá sem fara út á veginn má líklega telja á fingrum annarrar handar,“ segir Guðmundur Gunnarsson, vallarstjóri á golfvellinum við Vífilsstaði.

Æfingasvæði golfvallarins er nánast alveg við Vetrarbraut sem liggur að Vífilsstaðavegi. Svæðið er ekki girt af en það hefur þó komið til umræðu að sögn Guðmundar. Nú sé hins vegar unnið að því að flytja æfingasvæðið annað. „Ég veit ekki nákvæmlega hvenær það kemur til framkvæmda en það verður einhvern tímann á næstu árum,“ segir Guðmundur.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að vegfarendur óttist golfkúlnaregn við völlinn og forðist jafnvel að aka þar um.

Guðmundur kannast ekki við að tjón hafi orðið vegna þess að golfkúlum sé slegið út fyrir völlinn. „Ég hef séð bolta fara út á þennan veg en engar kvartanir vegna þess hafa borist hingað til mín,“ segir Guðmundur.

Á góðviðrisdögum eins og þeim sem ríkt hafa í vikunni segir Guðmundur um fimm hundruð hringi leikna á vellinum yfir daginn. Tuttugu manns geta spilað í einu. - ht



**GOLFKÚLA Í VEGKANTI** Tuttugu þúsund golfkúlur eru á hverjum degi slegnar á æfingasvæðinu á Vífilsstaðavelli sem liggur alveg að Vetrarbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heilsugæslan í Árbæ:

# Starfsfólk kátt á nýjum stað

**VELFERÐARMÁL** „Flutningarnir gengu fljótt og vel, aðeins þurfti að loka í þrjá daga meðan á þeim stóð og okkur líður vel í bráðabirgðahúsnæðinu,“ segir Erna Ágústsdóttir, skrifstofustjóri heilsugæslunnar í Árbæ. „Það má segja að eini vandinn sé sá að gluggarnir eru stórir svo það er afar heitt hjá okkur núna eins og veðrið hefur verið,“ segir hún kankvís.

Vegna rakaskemmda í aðsetri heilsugæslunnar í Hraunbæ í Árbæjarhverfinu var ekki talið raunhæft að hafa hana þar lengur. Var hún flutt um miðjan júlí í húsnæði á Höfðabakka.

Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að heilsugæslan muni svo flytja á sinn varanlega stað 1. desember á þessu ári eða jafnvel fyrr. - jse

SÁÁ vinnur með NIDA:

# Góðar líkur á styrkjum

**HEILBRIGÐISMÁL Góðar líkur eru á því að NIDA, bandaríska fíkniefnarannsóknarstofnunin, styrki vímuefnarannsóknir á vegum SÁÁ, að sögn Valgerðar Rúnarsdóttur, læknis hjá SÁÁ.**



**VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR**

**Fréttablaðið greindi nýlega frá heimsókn Noru D. Volkow, forstöðumanns NIDA, til Íslands til að kynna sér starfsemi SÁÁ.**

**„Nora var mjög hrifinn og hafði áhuga á að styrkja okkur,“ segir Valgerður. „Rannsóknarmöguleikar hér eru miklir vegna þess hvernig við búum hér á Íslandi. Hér er auðvelt að fylgja fólki eftir og gott rannsóknarumhverfi.“**

**Valgerður segir svars við styrktarumsókn SÁÁ líklega að vænta í haust.** - gh

Úrskurður um Hvamm:

# Stöðvunin hefur ekki þýðingu

**LEIKSKÓLAMÁL** Stöðvun framkvæmda við leikskólann í Hvammi í Hafnarfirði hefur ekki „neina sérstaka þýðingu með tilliti til hagsmuna kærenda“ samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála frá því í síðustu viku.

Íbúar í nágrenni Hvamms hafa verið ósáttir við viðbótarkennslustofur sem á að setja upp við leikskólann. Framkvæmdir voru stöðvaðar vegna þessa.

„Bærinn er búinn að vera að vinna að því að bæta aðgengið þannig að við erum sáttari en við vorum,“ segir Halldór Halldórsson íbúi við Staðarhvamm. - vsp




„ORÐRÉTT“

*Þrjátíu eða hundrað þúsund?*

**„Annað hvort kann lögreglan ekki að telja eða það er viljandi talið vitlaust.“**

HEIMIR MÁR PÉTURSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HINSEGIN DAGA
Fréttablaðið 10. ágúst

*Tómur sparibaukur*

**„Áður var ég efnaður, en nú er ég nokkurn veginn á floti.“**

BUBBI MORTHENS
Morgunblaðið 10. ágúst

tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** JÚLÍUS BRJÁNSSON, LEIKARI OG SKEMMTIKRAFTUR

## *Hestamaður sem leikur í hjáverkum*



„Ég er nú í Reykjavík og vinn á áskriftardeild 365,“ segir Júlíus Brjánsson, leikari og skemmtikraftur, aðspurður hvað sé að frétta. „Ég er búinn að vinna þar í nokkra mánuði og líkar vel. Þetta er góður vinnustaður og skemmtilegt samstarfsfólk. Það var hins vegar dálítið átak að koma sér í níu til fimm-formið sem ég hef ekki gert mjög lengi. Síðan er ég að leika í hjáverkum og er svolítið í hestunum í enn öðrum hjáverkum. Það eru alltaf einhver verkefni á listanum,“ segir Júlíus og segir nokkur hliðarverkefni í sjónvarpinu og leikhúsunum vera fram undan. „Maður veit síðan aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér.“ Júlíus hefur ekki talað inn á teiknimyndir í tvö til þrjú ár, sem hann gerði eftirminnilega í mörg ár. „Ég gerði það í fimmtán ár og það var kominn tími til að taka sér frí frá því. Hins vegar er verið að sýna marga þætti enn þá sem ég talaði inn á fyrir nokkrum árum. Ég get gert margt annað en að leika, finnst það ekki vera upphaf og endir alls þó ég geri það ekki. Vil hafa tækifæri til þess að velja.“ Spurður um hvort hann grípi oft í kaffibrúsana ásamt Gísla segir Júlíus: „Við klæðum okkur oft í búningana þegar tækifæri gefst. Ef einhver biður okkur um að skemmta þá hugleiðum við það. Eftir að Gísli flutti til útlanda þá varð erfiðara að gera þetta, en við gerum þetta stundum,“ segir Júlíus.

## SAMKYNHNEIGÐ:
### FINNST Í DÝRARÍKINU



Sumir þeirra sem setja sig á móti samkynhneigð segja hana ónáttúrulega. Þetta er ekki alls kostar rétt. Fjöldi dýra í dýraríkinu sýna samkynhneigða hegðun.

Svartir karlsvanir eiga það til að para sig saman, reka kvenfuglinn af eggjunum og ala ungana upp tveir. Fílar sýna öðrum fílum af sama kyni atlot og það sama má segja um konung dýranna, ljónið.

Heimlid: Wikipedia.

## SJÓNARHÓLL
### HEILDSTÆTT UMHVERFISMAT Á BAKKA

## *Mikilvægt að þekkja allar forsendur*

„Ég held að það sé skynsamlegt og lógískt að meta raforkuframleiðsluna og álverið sameiginlega í umhverfismati af því að þetta er svo háð hvort öðru. Ekki síst eftir að Alcoa kom með beiðni um að vera með stærra álver. Maður á rétt á því, sem íbúi í þessu landi, að vita hvar Alcoa og Landsvirkjun ætla að ná í orkuna fyrir svona stórt álver,“ segir Hrafnkell Orri Egilsson sellóleikari. „Það er skynsamlegt að vita hvaðan orkan er fengin áður en farið er af stað með framkvæmdir. Þá getur almenningur fengið að vita hvaða forsendur liggja að baki varðandi orkuöflun. Strategían hjá álverunum er að byrja smátt. Svo kemur oft þrýstingur um að stækka. Það var farið aðeins út í þetta í Draumalandinu eftir Andra Snæ. Það er skynsamlegt að vita nákvæmlega hver staðan er fyrirfram. Annars gætu þeir byrjað með lítið álver sem fær orku frá Þeistareykjum en komið svo eftir þrjú ár og sagt að það sé ekki arðbært nema það væri stækkað. Þá gæti komið í ljós að eina tiltæka orkan væri fengin með því að virkja Dettifoss.“



**HRAFNKELL ORRI EGILSSON SELLÓLEIKARI.**

# Einblínir ekki á vinnustaðinn heldur allt lífið

**Vel yfir tvö hundruð manns sóttu fertugustu norrænu vinnuvistfræðiráðstefnuna sem haldin var í Reykjavík um helgina. David C. Caple, forseti alþjóðasamtakanna var gestur þingsins og ræddi hvernig rannsóknir vinnuvistfræðinga hafa áhrif á ólíka þætti daglega lífsins.**



**DAVID CAPLE** Forseti alþjóðasamtaka vinnuvistfræðinga sækir ráðstefnu í Reykjavík um helgina. Vinnuvistfræðingar láta til sín taka á ýmsum sviðum, allt frá því hvernig best er að kenna öldruðum nýja hluti í að leysa líkamleg vandamál sem upp koma hjá geimförum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Vinnuvistfræðingar leita leiða til að stuðla að sem bestri líðan fólks og ná fram betri árangri starfseininga,“ segir Caple.

Vísindagreinin vinnuvistfræði þróaðist upp úr síðari heimsstyrjöldinni og sameinaði þekkingu úr verkfræði, læknisfræði og sálfræði að sögn Caple.

„Þá voru menn til dæmis að leysa vandamál flugmanna sem unnu undir miklu álagi í stríðinu, jafnvel að nóttu til í klefum sem ekki voru sniðnir að þörfum þeirra,“ segir Caple.

„Nú fimmtíu árum síðar kemur vinnuvistfræðin inn á öll svið lífsins og þema ráðstefnunnar um helgina - vinnuvistfræði er lífsstíll - endurspeglar það.“

Gagnsemi vinnuvistfræði einskorðast nefnilega ekki við vinnustaðinn að sögn Caple, heldur kemur inn á margvísleg húsverk, við framleiðslu búnaðar til íþróttaiðkunar og margskonar vöruþróun.

Caple segir fundinn á Íslandi sögulegan fyrir margra hluta sakir. Samtökin eigi fimmtíu ára afmæli og nýju áhugaverðu verkefni verði ýtt úr vör.

„Við munum kynna sérstakt ferli sem við höfum þróað fyrir framleiðendur sem ætla að hanna vinnuvistfræðilegar vörur,“ segir Caple. „Við höfum þegar gert umfangsmiklar prófanir á þessu ferli með stórfyrirtækjum í Evrópu á borð við IKEA og mörg framsækin fyrirtæki eru farin að notast við það.“

Tækni til að mynda líkamann nákvæmlega í þrívídd er einnig í þróun og gæti til að mynda nýst fatahönnuðum að sögn Caple. Verkefnið verður rætt á ráðstefnunni um helgina og væntanlega hleypt af stokkunum á ráðstefnu samtakanna í Kína á næsta ári.

**helgat@frettabladid.is**

## VINNUVISTFRÆÐI Í ÞRÓUNARLÖNDUNUM

Vandamál þungaðra kvenna sem sinna störfum sem krefjast einhæfrar hreyfingar og fá að auki slæma næringu eru til marks um hindranir sem vinnuvistfræðingar takast á við í þróunarlöndunum.

Alþjóðasamtök vinnuvistfræðinga halda úti landbúnaðarverkefnum í Malasíu og á Indlandi. Þar er safnað saman niðurstöðum rannsókna og þekkingu deilt sem miðar að því að bæta aðstæður fólksins.

Hugmyndasmiðja vinnuvistfræðinga um aðstæður námuverkafólks í Botswana hefur verið stofnuð. Námuverkefni hefst að auki í Chile í október.



Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

Tónlistarhátíð unga fólksins haldin í fyrsta sinn:

# Einvala lið hljóðfæraleikara deilir reynslu sinni í Salnum

Kammertónleikar verða haldnir í Salnum í Kópavogi í kvöld en tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Tónlistarhátíðar unga fólksins og hefjast þeir klukkan 20. Meðal flytjenda á tónleikunum í kvöld eru Stefán Ragnar Höskuldsson sólóflautuleikari og Gerður Gunnarsdóttir, konsertmeistari Óperuhljómsveitarinnar í Köln. „Stefán og Gerður frábærir listamenn og eru mjög fær á sínu sviði. Það er mikill heiður að fá þau hingað til lands,“ segir Helgi Jónsson tónlistarfræðingur. Tónleikahátíðin er að erlendri fyrirmynd og markmið hennar að skapa vettvang þar sem tónlistarnemendur geta komið saman og lært af reyndari listamönnum. Einvala lið hljóðfæraleikara mun deila reynslu sinni og kunnáttu með nemendum. Kennarahópurinn samanstendur af listamönnum sem starfa hér heima auk Íslendinga sem búsettir eru erlendis og starfa þar. Auk þess munu fimm erlendir kennarar koma sérstaklega til þess að kenna á hátíðinni. Alls verða haldnir sjö tónleikar á meðan á hátíðinni stendur og eru tónleikarnir í kvöld þeir þriðju sem haldnir verða. - sm



**LEIKA SAMAN** Stefán Höskuldsson og unnusta hans, Natalie Pilla, leika á tónleikunum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# NÝ SUMARTILBOÐ





## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

| Swissflex 145 | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 299.900 | **169.900** |
| 180x200 | 309.900 | **179.900** |

| Proflex | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 279.900 | **259.900** |
| 180x200 | 299.900 | **279.900** |

| Scape | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 479.900 | **459.900** |
| 180x200 | 499.900 | **479.900** |




## Sofia rúmstæði með náttborðum

fyrir dýnu-stærð 160/180x200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900

## Fataskápur

Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

20% afsláttur af hlífðardýnum og lökum við dýnukaup

## 10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum








**Glænýtt tilboð**
### COAST svefnsófi
Tilboð **46.080.-**
Verð áður 76.800.-

### Visco-X með botni og fótum
Hjónarúm stærð 180x210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90x210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900

### COE leður-rúmstæði
fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930**
Verð áður 109.900




AKUREYRI

Svefn & heilsa




REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150** www.svefn.is
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lóðin færast til á vogarskálum hagsmunamatsins:

## Jónas og Einar

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Jónas Haralz og Einar Benediktsson hafa í Morgunblaðsgrein ítrekað brýningu sína um mikilvægi þess að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Röksemdir þeirra byggja jafnt á efnahagslegum forsendum sem pólitískum. Að því leyti hafa þeir bæði breikkað og dýpkað umræðuna. Á því var full þörf.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem formlega hefur haft aðild á dagskrá. Framsóknarflokkurinn vill að þjóðin taki af skarið í allsherjaratkvæðagreiðslu. Vinstri grænt hefur verið á móti, mest af ótímabundnum þjóðernislegum ástæðum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þar á móti reist andstöðu sína á hagsmunalegum rökum sem vega þurfi og meta á hverjum tíma.

Framlag Jónasar Haralz og Einars Benediktssonar breytir ef til vill ekki miklu í reiptoginu um þjóðernisrökin. Gildi þess fyrir stjórnmálaumræðuna felst hins vegar í því að eyða óvissunni um hagsmunamatið. Þeir hafa með skýrum en einföldum rökum sýnt fram á hvernig hagsmunalóðin hafa flust á milli vogarskála. Hagsmunirnir eru með öðrum orðum aðrir og ríkari nú en fyrir einum áratug eða tveimur.

Sú ákvörðun forsætisráðherra að fela Evrópunefnd ríkisstjórnarinnar að skoða þann þátt þessa máls er lýtur að aðild að Evrópska myntbandalaginu hefur mikið gildi. Hún er vísbending um að kalt hagsmunamat ráði för fremur en kreddur. Þó að hagsmunirnir séu nokkuð augljósir á sviði peningamálanna er mikilvægt að hafa í huga að þeir hafa breyst á miklu víðara pólitísku sjónsviði.

Halldór Ásgrímsson opnaði Evrópuumræðuna innan Framsóknarflokksins á sinni tíð. Núverandi formaður, sem talaði gegn þeirri viðleitni, kom flestum á óvart á síðasta miðstjórnarfundi og færði flokkinn í einu vetfangi fram um margar þingmannaleiðir á þessari þróunarbraut.

Á sama tíma og þessi framvinda á sér stað er ýmislegt að koma í ljós sem bendir til að Samfylkingin hafi hugsanlega ekki rætt Evrópumálin nægjanlega djúpt til að samhæfa málflutning sinn á ýmsum öðrum sviðum við aðildarstefnuna. Til að mynda næst jafnvægi í peningamálum ekki svo að sækja megi um aðild í byrjun næsta kjörtímabils nema með markvissri orkunýtingarstefnu. Á því sviði er skoðanir forystumanna Samfylkingarinnar svo skiptar að erfitt er að koma þeim málflutningi heim og saman við Evrópumarkmiðin.

Innan Samfylkingarinnar virðist ekki vera sátt um að fylgja evrópskum leikreglum um meðferð hælisleitenda. Í lögreglumálum er engu líkara en nútíma aðferðafræði, sem allt alþjóðlegt samstarf á því sviði er reist á, sé þyrnir í augum margra talsmanna hennar. Þeir horfa meir til sveitarfélagalöggæslu.

Hér er einnig umhugsunarefni að forseti Íslands, sem gerir samninga við önnur ríki á ábyrgð utanríkisráðherra, flutti þau skilaboð á ráðstefnu smáríkja fyrir ekki alls löngu að Ísland kysi heldur tvíhliða fríverslunarsamning við Kína en Evrópusambandsaðild.

Þessi skortur á samhæfðri umræðu hefur vissulega þá neikvæðu hlið að draga úr þrýstingi á aðra flokka. Jákvæða hliðin er hins vegar sú að hún opnar svigrúm fyrir bæði Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn til að taka forystu um dýpri umræðu. Kjarninn í stöðumatinu er þó sá að tveir menn í þeim hópi, sem fremst stendur að þekkingu og reynslu til að meta íslenska hagsmuni, hafa nú gert það með sannfærandi hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn einn meirihlutinn

Óánægjuraddirnar gerast sífellt háværari í höfuðborginni þar sem óvinsælasti meirihluti sögunnar situr samkvæmt skoðanakönnunum. Ýmsar hugmyndir um breytingar hafa verið reifaðar. Ritstjórn Morgunblaðsins ráðleggur í Staksteinum sínum í gær að Sjálfstæðismenn leiti á önnur mið varðandi borgarstjórnarsamstarf því fáir þeirra hafi í raun „nokkra trú á samstarfinu við Ólaf F. Magnússon.“ Þeir telja borgarstjóra ekki treystandi, hann sé í stöðugum einleik, sem muni ágerast ef eitthvað er þegar hann hefur stólaskipti við Hönnu Birnu.“ Þessi mið eru samkvæmt Staksteinum mjúkur faðmur Óskars Bergssonar, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins.



### Flokkarnir óþarfir

Egill Helgason bætir um betur á blogginu sínu í færslu sem ber heitið Flokkarnir til óþurftar í borginni. „Átök í borginni snú[a]st eingöngu um flokkadrætti og um persónulega valdagirnd,“ segir hann og spyr svo hvernig það gagnist borgarbúum að Samfylkingin bíði átekta í borginni og horfi „á Sjálfstæðisflokkinn engjast um í faðmlagi við Ólaf F.“



### Götumynd að næturlagi

Ólafur engist þó ekki meira en svo að hann getur sinnt vettvangsrannsóknum sínum í miðbæ Reykjavíkur jafnt að degi sem nóttu. Borgarstjórinn sést sífellt oftar síðla nætur í miðbænum þar sem hann fær 19. aldar götumyndina beint í æð.

gudmundure@frettabladid.is

# Nálgunarbann er frelsun



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**Í DAG** | Dómstólar

Í Hæstarétti sitja tveir dómarar sem Sjálfstæðisflokkurinn tróð þangað í markvissri viðleitni sinni til að auka ítök Flokksins í dómsvaldinu. Nú súpum við seyðið af því. Þessir tveir dómarar hafa hafnað beiðni lögreglunnar um framlengingu nálgunarbanns á mann sem myndir og önnur gögn benda til að beitt hafi konu sína andstyggilegu ofbeldi. Áður hafði Jón Steinar Gunnlaugsson verið í minnihluta þegar hann féllst ekki á fyrra nálgunarbannið. Hann er andvígur nálgunarbönnum.

### Sjálfsagt úrræði

Í rauninni ætti nálgunarbann að vera eðlilegt og sjálfsagt á meðan á rannsókn slíks máls stendur. Ótímabært afnám þess er annars vegar skilaboð samfélagsins til mannsins um að hann megi nálgast konuna; og hins vegar skilaboð samfélagins til konunnar um að hún njóti ekki verndar þess.

Hér hefði dómari mátt hugsa: Hvers vegna ætti ég að afnema bannið? fremur en að hugsa: Hvers vegna ætti ég að framlengja bannið?

Bannið á hér að vera útgangspunkurinn – hin eðlilega skipan mála. Það ættu með öðrum orðum að vera ríkar ástæður til að afnema slíkt bann. Í frávísunarúrskurði Héraðsdóms kemur reyndar fram að maðurinn hafi virt nálgunarbannið – „að mestu“. Sem Ingimundi Einarssyni héraðsdómara virðist þykja nógu gott. En það að maðurinn hafi virt bannið – „að mestu“ – segir að sjálfsögðu ekkert annað en það að bannið virkaði. Það segir ekkert um það hvernig maðurinn hagar sér þegar banninu hefur verið aflétt. Það hlýtur dómarinn að meta út frá hegðun mannsins fyrir nálgunarbannið.

Dómari hefði mátt hugsa um hagsmuni málsaðilja. Ofbeldismaðurinn hefur enga sérstaka hagsmuni af því að fá að nálgast fórnarlambið – en fórnarlambið hefur ríka hagsmuni af því að fá að vera í friði fyrir ofbeldismanninum.

Nálgunarbann á ekki að meta út frá frelsisskerðingu gerandans heldur frelsi þolandans. Að Páli Hreinssyni frátöldum – sem skilaði sératkvæði – virðist þeim karlmönnum sem sitja í dómarasæti í þessum máli vera um megn að hugsa málið út frá hinu meinta fórnarlambi og hagsmunum þess.

Jón Steinar lét hafa eftir sér um þennan úrskurð „að menn verði ekki beittir þvingunum nema samkvæmt skýrum lagaákvæðum“. Hann lítur á nálgunarbann sem þvingun karlmannsins fremur en frelsun konunnar. En orðið „þvingun“ segir ekkert um rétt eða rangt; þvingun er ekki röng í eðli sínu; það ræðst af samhenginu. Þegar ég læsi bílnum mínum niðri í bæ er ég náttúrlega að beita þann sem hyggst stela honum þvingunum. En ég er líka að koma í veg fyrir glæp. Rétt eins og nálgunarbann.

Því að ofbeldi er glæpur.

### Verjandi í dómarasæti

Varðandi fyrirslátt Jóns Steinars um skort á skýrum lagaákvæðum segir í sératkvæði Páls Hreinssonar: „Af orðalagi 110. gr. a. laga nr. 19/1991 og lögskýringargögnum verður ráðið að beita megi nálgunarbanni ef þau gögn, sem lögð eru fram um fyrri hegðan manns, veita vísbendingu um að hættan á því, að maður muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á, sé bæði raunveruleg og nærtæk.“ Og síðan rekur Páll hvernig gögn málsins benda til ofbeldis.

Gallinn við Jón Steinar Gunnlaugsson sem hæstaréttardómara er að hann er ekki dómari í hjarta sér heldur kappsamur verjandi. Hann hugsar enn eins og verjandi sem reiðubúinn er að fara út á ystu nöf í hæpnum lagatúlkunum.

Að minnsta kosti í kynferðisafbrotamálum. Þar virðist hann sjálfkrafa taka hagsmuni hins ákærða fram yfir hagsmuni hins meinta fórnarlambs.

Eiginlega er engu líkara en að hann sé enn að rekast í því máli sem gerði hann alræmdastan, þegar hann varði mann sem sakaður var um gróft kynferðisofbeldi gagnvart dóttur sinni, og tókst á einhvern óskiljanlegan hátt að ryðja út úr dóminum sérfræðiálitum sálfræðinga sem skoðað höfðu hið meinta fórnarlamb og töldu sig sjá órækan vitnisburð um afleiðingar slíkrar misnotkunar.

Enn er Jón Steinar að berjast fyrir því að í dómum sé litið framhjá hvers kyns vitnisburði um sálrænt áfall eftir kynferðisofbeldi. Hann lætur eins og hann trúi ekki á fyrirbærið.

Kannski er skýringin á þessum fáránlegu hugmyndum fólgin í sjálfum grundvallarlífsviðhorfum hans. Hann hefur einstrengingslegar hugmyndir um „frelsi“. Illu heilli hefur hið góða orð „frjálshyggja“ verið haft um það viðhorf að aldrei megi skerða rétt hins sterka til að fara sínu fram án „þvingunar“. Nær væri að kenna slíkt lífsviðhorf við valdhyggju; þetta er sú trú að valdi fylgi réttur sem varla megi skerða undir nokkrum kringumstæðum. Hann er öfgamaður sem gengur lengra í trú á rétt einstaklingsins til athafna en almennt tíðkast.

Óheppilegt er að hafa svo sérlundaðan mann í Hæstarétti.

# Hannes og Nýja-Sjáland

**UMRÆÐAN**

Stefán Snævarr svarar grein Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar



**STEFÁN SNÆVARR**

Hannes Gissurarson svaraði ádrepu minni um Nýja-Sjáland í Fréttablaðinu 1. ágúst síðastliðinn. Hann segir að ég hafi loksins eftir langa leit fundið dæmi um land þar sem frjálshyggjan hafi kannski mistekist. En ég hef rætt fjölda dæma um mislukkun frjálshyggjunnar, þar á meðal Chile frjálshyggjueinræðisins. Frjálshyggjutilraunin þar syðra varð til þess að efnahagskerfið hrundi árið 1982, samdráttur varð um 13,7%. Annað dæmi sem ég hef notað er efnahags(van)þróunin vestanhafs. Bandaríkjamenn hafa notið minni hagvaxtar frá því markaðsvæðingin mikla hófst um 1980 en á ríkisafskiptaskeiðinu 1945-1980.

Hannes talar eins og ég noti John Kay einan sem heimild um kreppu frjálshyggjunnar í Nýja-Sjálandi en það er rangt. Í pistlinum vitnaði ég líka í heimspekinginn John Gray sem segir að frjálshyggjutilraun andfætlinga hafi leitt til þess að orðið hafi til ný lágstétt í landinu. Ég hefði getað vitnað í hagfræðinginn Noreenu Hertz sem segir að Verkamannaflokksstjórn Helen Clark hafi játað að tilraunin hafi mistekist og endurþjóðnýtt vinnutryggingar. Sé það rétt fer Hannes með rangt mál er hann segir að Verkamannaflokkurinn hafi ekki hróflað við „umbótum“ frjálshyggjunnar. Hann svarar heldur ekki þeirri staðhæfingu Kays að einkavæðing raforkuveitna hafi leitt til rafmagnsleysis og öngþveitis. Nefna má að norskur starfsbróðir minn dvaldi eitt ár í Nýja-Sjálandi fyrir skömmu og staðfesti allt sem Kay, Gray og Hertz segja. Hann dró upp vægast sagt dökka mynd af ástandinu þar syðra.

Ef „frjáls“ markaður væri eins skilvirkur og Hannes heldur þá hefði Nýja-Sjáland átt að búa við mun meiri hagvöxt en velferðarríkin. En svo er ekki, samkvæmt upplýsingum OECD var hagvöxturinn nýsjálenski 3,1% árið 2007 en í hinu erkikratíska Finnlandi 4,4%. Það fylgir sögunni að í Finnlandi hirðir ríkið 50% af vergum þjóðartekjum landsmanna. Samt (eða þess vegna) stendur Finnland sig mun betur efnahagslega en frjálshyggjuparadís andfætlinga. Jafnaðarstefnan sigrar, frjálshyggjan tapar!

*Höfundur er prófessor í heimspeki.*



Upplýsingar og skráning:
**544 4500 / www.ntv.is**

# YFIRLIT NÁMSKEIÐA Á HAUSTÖNN 2008

## STARFSNÁM OG BRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn, þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nám sem eykur möguleika þína á vinnumarkaði.

### *Skrifstofu- og tölvunám*
258 stundir - Verð: 245.000.-
2 morgunnámskeið byrja 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

### *Fjármál og rekstur*
132 stundir - Verð: 162.000.-
Morgunnámskeið byrjar 2. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 1. september

### *Sölu- og markaðsnám*
264 stundir - Verð: 245.000.-
Morgunnámskeið byrjar 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

### *Skrifstofunám & hönnun*
414 stundir - Verð: 408.000.-
2 morgunnámskeið byrja 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

### *Sölunám & hönnun*
420 stundir - Verð: 408.000.-
Morgunnámskeið byrjar 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

### *Skrifstofu- og rekstrarnám*
462 stundir - Verð: 469.000.-
2 morgunnámskeið byrja 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

### *Sölu-, markaðs- og rekstrarnám*
396 stundir - Verð: 385.000.-
Morgunnámskeið byrjar 1. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 2. september

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Flott námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði. Allir kennarar NTV á þessu sviði búa yfir gríðarmikilli reynslu úr atvinnulífinu

### *Auglýsingatækni*
156 stundir - Verð: 196.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 8. september

### *Photoshop Expert*
72 stundir - Verð: 112.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 22. október

### *Photoshop grunnnám*
30 stundir - Verð: 33.000.-
Morgunnámskeið byrjar 28. ágúst
Kvöldnámskeið byrjar 28. ágúst

### *Alvöru Vefsíðugerð*
210 stundir - Verð: 209.000.-
Kvöldnámskeið byrjar 16. september

## ALMENNT TÖLVUNÁM

Markmið námskeiðanna er að kenna almenna tölvunotkun fyrir byrjendur eða þá sem ekki hafa farið á námskeið áður.

### *Tölvunám - fyrstu skrefin*
30 stundir - Verð: 34.000.-
Síðdegisnámskeið byrjar 29. september
Kvöldnámskeið byrjar 30. september

### *Almennt tölvunám*
78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrjar 4. nóvember
Kvöldnámskeið byrjar 8. september

## BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Kennt er á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

### *Grunnnám í bókhaldi*
108 stundir - Verð: 109.000.-
Morgunnámskeið byrjar 9. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. september

### *Navision viðbótarnám* (Nóv. og des)
24 stundir - Verð: 33.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn, fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

## NTV ER NÚ VOTTAÐUR MICROSOFT SÉRFRÆÐISKÓLI

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni.

Nú hefur stórt skref verið stigið á þeim vettvangi með Learning Partner vottun frá Microsoft og samstarfssamningum við Quality Training Ltd. & Dive Deeper Technology Events™.

Það sést m.a. í miklum fjölda nýrra sérfræðinámskeiða nú á haustönn ásamt stórri námsstefnu í Smárabíói sem betur verður auglýst síðar.

**Allar nánari upplýsingar um sérfræðinámskeiðin er að finna á vef skólans: ntv.is**

**INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2008 STENDUR YFIR!**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**ntv**



**BRAGI ÓLAFSSON RITHÖFUNDUR ER 46 ÁRA Í DAG.**

*„Í hanskahólfinu er kort af veginum fyrir aftan. Og þar er harðfiskur í poka og brjóstsykur.“*

***Bragi er ljóðskáld, rithöfundur og tónlistarmaður. Hann var í hljómsveitunum Purrki Pillnikk og Sykurmolunum og var einn af stofnendum Smekkleysu. Meðal bóka hans má nefna Sendiherrann.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. ÁGÚST 1938

## Skátahöfðingi heimsækir Ísland



Baden-Powell, hinn eini sanni upphafsmaður skátastarfs í heiminum, kom til Reykjavíkur þennan mánaðardag árið 1938. Hann kom siglandi á bresku skátaskipi sem hét Orduna ásamt eiginkonu sinni og dóttur og auk þess 464 skátaforingjum frá Englandi.

Reykvískir skátar tóku virðulega á móti skátahöfðingjanum og fylgdarliði hans og að móttöku lokinni stigu gestirnir upp í bifreiðar sem fluttu þær að náttúruperlunum Gullfossi og Geysi.

Baden-Powell hafði sem kunnugt er hrifist af uppeldismálum og vildi leysa börn og unglinga úr viðjum stórborganna og kynna þeim náttúruna. Hann vildi einnig efla sjálfstraust og ábyrgðartilfinningu þeirra, þar taldi hann að það frelsi og sjálfsábyrgð sem felst í skátastarfi skilaði meiri árangri en strangur skólaagi.

Hann taldi enn fremur að flestir væru bara áhorfendur í lífinu en ekki virkir þjóðfélagsþegnar. Það þótti honum hættulegt.

### MERKISATBURÐIR

- **117** Hadríanus verður keisari Rómar.
- **1580** Katla gýs.
- **1794** Sveinn Pálsson og maður með honum ganga á Öræfajökul og var þetta önnur ferð manna á tindinn svo vitað sé.
- **1951** Á Bíldudal er afhjúpaður minnisvarði um Pétur J. Thorsteinsson verslunar- og útgerðarmann og konu hans Ásthildi.
- **1960** Tsjad hlýtur sjálfstæði frá Frakklandi.
- **1973** Austurstræti í Reykjavík er gert að göngugötu til reynslu.
- **1979** Flak af Northrop-flugvél sem nauðlenti á Þjórsá og sökk þar 1943 er tekið upp og gefið safni í Noregi.

# Hluti menningararfsins



Þrjátíu ár eru síðan Júlíus Már Aðalsteinsson hóf að rækta íslensku landnámshænuna. Stofninn var nær útdauður en telur nú 3.000 fugla.

Fyrir um fjörutíu árum var stofn íslenskra landnámshænsna, oft nefnt haughænsni, nær útdauður. Þessi fallegi fugl, sem kom til landsins á 10. öld með landnámsmönnum og -konum, hafði þá látið í minnipokann fyrir ítölskum frændum sínum sem þóttu verpa betur.

Árið 1970 tók dr. Stefán Aðalsteinsson hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, RALA, á Keldum til sinna ráða og safnaði saman ungum fuglum til ræktunar. Árið 1978 fékk Júlíus Már Baldursson ræktandi tíu hænur og tólf hana frá RALA og hefur hann allar götur síðan ræktað stofninn með miklum myndarskap. „Íslenska hænan er virkilega skemmtilegur fugl og hver einstaklingur með sinn karakter eins og það er kallað. Fuglinn er mannelskur og hænist vel að manni og hægt er að temja hann og kenna honum ýmislegt,“ segir Júlíus. „Þar að auki er hann mun harðgerðari en margir aðrir hænsnfuglar. Fuglarnir hjá mér ganga lausir og fara þeir út allan ársins hring ef þeim svo sýnist.“

Júlíus ræktar landnámshænuna fyrst og fremst af hugsjón, enda landnámshænsnið mikilvægur hluti af menningararfi okkar að hans mati. „Þegar ég byrjaði fyrir þrjátíu árum var stofninn kominn niður í 300 fugla í landinu,“ segir Júlíus. „Nú telur hann um 3.000 fugla.“

Hægt er að kaupa íslensk hænsni af Júlíusi og einnig að skoða og fræðast um fuglinn á bæ hans, Tjörn á Vatnsnesi í Húnaþingi vestra. Einnig verður hægt að skoða fugla hans á Sveitasælu 2008, landbúnaðarsýningu á Sauðárkróki dagana 15.-17. ágúst. „Þar verð ég með fugla á öllum aldri,“ segir Júlíus. „Þar verður einnig hægt að sjá unga skríða úr eggjum alla helgina í sérstökum útungunarkassa með glerloki en mér finnst mikilvægt að börn læri hvaðan hlutirnir koma. Margt hefur breyst í samfélaginu okkar og það eru mörg borgarbörn sem sjá bara egg og mjólk úti í búð og hafa í raun ekki hugmynd um hvernig þetta verður allt til.“

**tryggvi@frettabladid.is**



**LANDNÁMSHÆNAN** er einstakur fugl en nánasti ættingi hennar er ísraelska bedúínahænan. Hér er Júlíus heima í hlaði með hlut stofns síns. MYND/ÚR EINKASAFNI








**SNORRI BJARNVIN OG INGVAR MAR** „Við vildum varðveita dýrmætar heimildir og umfram allt skemmtilegar heimildir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SNORRI BJARNVIN OG INGVAR MAR: FYRSTI DISKUR UM FLUGMANNSSTARFIÐ

# Hversdagslegt í dag, saga á morgun

Snorri Bjarnvin og Ingvar Mar eru mágar, báðir Jónssynir og báðir flugmenn. Nú hafa þeir gefið út DVD-disk með viðtölum við íslenska atvinnuflugmenn og viðeigandi myndefni. Spurðir hvernig það hafi komið til svarar Ingvar fyrst: „Það eru svo margir flugmenn í fjölskyldunni okkar – við tveir, pabbi hans Snorra og afi og fjöldinn allur af frændum og frænkum – þannig að þegar stórfjölskyldan hittist er um fátt annað talað en flug. Þá eru margar frábærar sögur sagðar sem okkur langaði að koma á framfæri ásamt fleirum því þær eru svo áhugaverðar að okkar mati.“

Snorri: „Í myndinni sem er aðalatriðið á diskinum er fjallað um það hvernig flugið var og hvernig það er núna. Okkur fannst mikilvægt að ná frumkvöðlunum og fá þá til að miðla því hversu frumstætt allt var framan af og við hvað var að glíma.

Þarna eru viðtöl við 22 flugmenn úr öllum íslensku flugfélögunum og Landhelgisgæslunni. Menn á öllum aldri. Núverandi starfsmenn og fyrrverandi starfsmenn. Viðtölunum fylgja svo myndir sem lýsa tíðarandanum sem fjallað er um og þau viðtöl sem tekin eru núna eru með glænýjum myndum sem ég hef tekið af flugvélum, fólki og staðháttum.“

Ingvar: „Já, Snorri Bjarnvin hefur tekið upp mikið efni víða um heim á sínum ferli sem flugmaður hjá Icelandair. Einnig fórum við í gegnum allt kvikmyndasafn Icelandair og völdum það besta úr því þannig að helstu gullmolar safnsins eru í myndinni. Elstu myndbrotin eru frá 1943 til 1944.

Myndin sjálf er klukkutíma löng en svo er tveggja tíma viðbót af aukaefni sem rataði ekki í myndina sjálfa. Sögurnar sem við fengum voru svo margar að þær komust ekki allar í myndina en okkur fannst þær samt verða að komast með á diskinn því þær eru svo gott efni.“

Snorri: „Það hefur ekki ýkja mikið verið fjallað um flugsöguna frá 1970 en flugið tekur sífelldum breytingum þannig að það sem þykir hversdagslegt í dag er orðið saga á morgun. Tökum sem dæmi að þristarnir lentu á Fagurhólsmýri reglulega. Svo hættu þeir einn daginn og komu aldrei við aftur.

Þetta er aðalástæðan fyrir útgáfunni. Við vildum varðveita dýrmætar heimildir og umfram allt skemmtilegar heimildir.“

Þeir félagar segjast hafa fengið aðstoð við útgáfuna frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Icelandair og Flugskóla Íslands, en hvar getur fólk keypt svona disk?

Snorri: „Það er hægt að panta hann í tölvupósti á netfanginu dabbfilms@gmail.com. Einnig í síma 691 8338 en upplagið er takmarkað.“

**gun@frettabladid.is**



RÉTTIR BÍLAR

TJÓNASKOÐUN

RÉTTINGAR - SPRAUTUN

RÚÐUÍSETNINGAR

ALMENNAR VIÐGERÐIR

CAR-O-LINER RÉTTINGARBEKKUR

VÍS vörður CABAS verkstæði TM SJÓVÁ

RÉTTIR BÍLAR EHF
SÍMI & FAX: 554-3044 • RETTIRBILAR@RETTIRBILAR.IS
VESTURVÖR 24 • 200, KÓPAVOGUR

512 50 50 Auglýsingasími Mest lesið




Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður í fótsporum afa síns úr Öxnadal í stórborgarysnum heima. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Heimili með ljúfa fortíð

***Á þingmannsheimili Ármanns Kr. Ólafssonar í Kópavogi eru dýrmætustu eigurnar frá afa hans og nafna úr Öxnadal.***

„Af öllu mínu innbúi hef ég mest dálæti á vasaúrskeðju og svipu úr lífi afa míns, þótt mér þyki sýnu vænna um keðjuna,“ segir alþingismaðurinn Ármann Kr. Ólafsson.

„Við afi vorum nafnar og úrkeðjuna gaf hann mér árið 1975. Hún var fermingargjöf frá foreldrum hans og í hana grafið: „Frá mömmu og pabba, 1917“ með mynd af Kristjáni IX. Danakonungi. Gjöfin var vel undirbúin hjá gamla manninum og hann lét hafa fyrir því að gera keðjuna upp, en ég hefði kosið að hann hefði látið það ógert því mér þótti hún fallegri orðin máð og slitin eftir ævinotkun afa. Ég geymi hana í náttborðsskúffunni og annað veifið, þegar ég hugsa til baka, finnst mér gott að taka keðjuna úr skúffunni og handfjatla meðan hugurinn reikar,“ segir Ármann, sem hluta af bernsku sinni ólst upp á bænum Þverá í Öxnadal, þar sem afi hans var bóndi.

„Við afi vorum miklir vinir og hann kenndi mér margt sem veganesti út í lífið. Í sveitinni hlustuðum við á Bændaspjall og Þingfréttir í útvarpinu, og útvarpsleikritið á fimmtudagskvöldum, því sjónvarp náðist seint í Öxnadal. Afi hafði mikið dálæti á Jónasi og kenndi mér að meta skáldskap hans, en Hraun með hrikalega Hraundrangana ofan við bæinn stendur mót Þverá,“ segir Ármann og handleikur svipuna góðu frá afa sínum.

„Í svipuna er grafið: „Þverá“, en afi notaði hana lengst af í sínum búskap þegar bílar og dráttarvélar þekktust ekki á bæjum og hestur var eini farkosturinn. Í dag er hún stofustáss hjá mér.“

*thordis@frettabladid.is*




Instal Crown Bag Big
Africa
Just Crown Bag Big
Chalien
Since Bag Big
Dottie

FRIIS COMPANY®
kringlan • 108 reykjavik

**Borð** með plötum sem hægt er að setja niður er sniðug lausn fyrir þá sem hafa lítið pláss. Þá er möguleiki á að nota borðið sem borðstofuborð og til að leggja hluti frá sér.








# Mjúkar og meðfærilegar

***Hvort sem gólfið í stofunni er lagt fjölum eða flísum fara mjúkar leðurmottur þar vel.***

Ofnar og mjúkar leðurmottur af ýmsum litum vekja athygli þegar komið er inn í verslunina Lín design á Laugavegi 176. Ekki spillir heldur sagan á bak við þær, sem verslunareigandinn Helga María Bragadóttir kann frá að segja. „Motturnar eru indverskar. Þær eru úr sterku leðri, því sama og notað er í stígvél, og búnar til úr afklippum frá stígvélaverksmiðjum. Fátækar fjölskyldur sækja afklippurnar í verksmiðjurnar, fara með þær heim til sín og vefa þar úr þeim fallegar gólfmottur í frumstæðum vefstólum. Þetta er því umhverfisvæn framleiðsla og góð nýting á hráefninu.“

Motturnar í Lín design eru af mörgum stærðum. Þær stærstu eru 2x3 m og henta mjög vel undir borðstofuborð, sófaborð og hvar á gólf sem er. Svo eru til renningar og mottur af öllum stærðum allt niður í litlar dyramottur. „Motturnar eru einkar slitsterkar og svo er afar þægilegt að þrífa þær,“ segir Helga María og bætir við. „Sama hvað hellist niður í þær, það er bara þvegið með tusku.“

gun@frettabladid.is



Leðurmotturnar fara vel undir stofuborðinu sem Helga María er að leggja á.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Legið í leti

Í ZOE-STÓL ER GOTT AÐ HVÍLAST

Zoe-stóllinn frá ítalska fyrirtækinu Verzelloni er tilvalinn letistóll. Hann minnir um margt á grjónapúða en styður vel við alla helstu líkamshluta.

Stóllinn er að sögn framleiðenda í senn þægilegur og hversdagslegur og tilvalinn lestrar- og sjónvarpsstóll.

Hægt er að fá pullur í stíl við stólinn en hann fæst bæði með bómullar- og leðuráklæði. Það er svo hægt að fjarlægja til að þrífa og eins ef óskað er eftir nýjum lit.










allt matur
Alla föstudaga


Ruggustólar eru vinsælir við brjóstagjöf enda róast börnin við hreyfinguna.


Beygður viðarbútur er settur undir venjulegan stól.


Þjóðsagan segir að Benjamin Franklin hafi uppgötvað ruggustólinn.






# Róandi að vera í ruggustól

***Ruggustólinn er rúmlega tveggja alda gömul uppfinning. Margir nota stólinn enn í dag enda er róandi að rugga sér í honum.***

Þjóðsagan segir að Benjamin Franklin, einn af frumkvöðlum að stofnun Bandaríkjanna, hafi uppgötvað ruggustólinn þegar hann setti beygðan viðarbút undir venjulegan stól. Enginn veit hvað til er í þessari sögu en víst er að hilluframleiðendur fóru að framleiða ruggustóla í upphafi nítjándu aldar og margir stólar frá því tímabili fyrirfinnast enn þann dag í dag. Verðmæti þeirra eykst stöðugt og eru þeir margir sem safna antíkruggustólum.

Ruggustólar eru fremur tengdir við eldri kynslóðina en þó finnast einnig nýstárlegir stólar í sumum húsgagnaverslunum. Mörgum finnst róandi að rugga sér í stólunum sem færast hægt fram og aftur. Mæður nota oft ruggustóla við brjóstagjöfina enda róast börnin við hreyfinguna. Einnig eru stólarnir þægilegir í kyrrstöðu fyrir þær sakir að þeir staðnæmast í góðri líkamsstöðu þar sem þyngdarpunktur líkamans er fyrir miðju.

*mariathora@frettabladid.is*


Þessi nýstárlegi ruggustóll fæst í Saltfélaginu. Hjónin Ray og Charles Eames hönnuðu hann árið 1950 en fyrirtækið Vitra sér nú um framleiðslu stólsins og notar sömu aðferð og þau hjónin notuðu við að formbeygja plast, en hefur þó örlítið breytt efnivið stólsins til að tryggja góða endingu. Verðið er 62.600 krónur. MYND ÚR SAFNI SALTFÉLAGSINS


Mörgum finnst róandi að rugga sér hægt fram og aftur í ruggustólnum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES










## Garðurinn – Endurvinnsla

**Skilagjaldsskyldar umbúðir:**

## Gjöf til Listasafns Skagfirðinga

Erfingjar listmálarans Jóhannesar Geirs hafa tilkynnt að þeir hyggist gefa Listasafni Skagfirðinga málverk, skissur, ljósmyndir og önnur gögn listamannsins, sem féll frá fyrir nokkrum árum. Hefur byggðarráð samþykkt að þiggja þessa höfðinglegu gjöf með þökkum. Varðveisla verður í samræmi við óskir gefenda.

Menningarsögulega er þetta safn Jóhannesar einstakt. Jóhannes Geir er einn þekktasti listmálari sem fæddur er og uppalinn í Skagafirði og tengsl hans við héraðið voru mikil.

Listasafn Skagfirðinga á nú þegar milli 20 og 30 myndverk eftir Jóhannes. Samþykkti Byggðarráð Skagafjarðar á fundi sínum hinn 30. júlí að veita 500 þúsundum til móttöku og flutnings verkanna í Skagafjörð þar sem þau verða skráð og þeim fyrir komið í Listasafni Skagfirðinga. - pbb



**MYNDLIST** Hús, hestar menn – málverk eftir Jóhannes Geir.

# Íslensk sönglög, aríur og leikhústónlist

**Næstu sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns fara fram annað kvöld. Að þessu sinni eru þeir helgaðir íslenskri tónlist.**

Þær Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona og Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari koma fram í Listasafni Sigurjóns, Laugarnestanga 4, kl. 20.30 annað kvöld og flytja þar fjölbreytta dagskrá með íslenskum sönglögum, aríum og leikhústónlist eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Sigvalda Kaldalóns, Pál Ísólfsson og Sigurð Þórðarson, auk annarra. Fluttir verða meðal annars söngvar úr Gullna hliðinu, Pilti og stúlku, Sjálfstæðu fólki, Dansinum í Hruna og Allra meina bót.

Guðrún Ingimarsdóttir starfar sem söngkona á meginlandi Evrópu og hefur sungið veigamikil hlutverk í óperuuppfærslum í Þýskalandi, Sviss, Englandi og Íslandi. Guðrún er einnig virk á sviði kirkju- og óperettutónlistar og hefur flutt slíka tónlist á fjölmörgum tónleikum vítt og breitt í Þýskalandi, Ítalíu, Austurríki, Portúgal, Sviss og Tyrklandi. Hún er uppalin á Hvanneyri í Borgarfirði og stundaði söngnám í Reykjavík og Lundúnum og framhaldsnám við einsöngvara- og óperudeildir tónlistarháskólans í Stuttgart hjá hinni heimsfrægu söngkonu Sylviu Geszty.

Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari hlaut grunnmenntun sína í píanóleik við Tónlistarskóla Borgarfjarðar og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Bergen og lauk þaðan lokaprófi í píanóleik og söng. Hún starfar nú sem kennari og deildarstjóri píanódeildar í Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Hún hefur leikið á tónleikum með fjölda kóra og einsöngvara. Jónína Erna er listrænn stjórnandi IsNord-tónlistarhátíðarinnar í Borgarnesi.

Í ár eru liðin tuttugu ár frá því að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar var opnað fyrir almenningi og í haust verða 100 ár liðin frá fæðingu listamannsins sjálfs. Vikulegir sumartónleikar hafa verið hluti af starfi safnsins frá upphafi og fara tónleikarnir fram í aðalsal safnsins, sem er fyrrverandi vinnustofa myndhöggvarans. Eftir tónleika geta gestir notið veitinga í kaffistofu safnsins fyrir opnu hafinu og síðbúnu sólarlagi. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

vigdis@frettabladid.is



**GUÐRÚN INGIMARSDÓTTIR** Kemur fram ásamt Jónínu Ernu Arnardóttur í Listasafni




# Sumar myndir vinna!

TAKTU ÞÁTT! Glæsilegir vinningar í boði.

Smelltu sumarmyndinni þinni í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins

Þú einfaldlega hleður inn skemmtilegustu myndinni þinni frá því í sumar á **visir.is/ljosmyndakeppni**, skráir inn upplýsingar um hvernig má ná í þig og þannig er sumarmyndin þín kominn í pottinn. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag má finna á visir.is.



**1. verðlaun** Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 100.000 kr. og Sony Alpha DSLR-A200K 10,2 megapixlar með 18-70 mm skiptanlegri linsu að verðmæti 90.000 kr.

**2. verðlaun** Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 60.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-T2 8,1 megapixlar með snertiskjá og 4GB innbyggðu minni að verðmæti 50.000 kr.

**3. verðlaun** Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 40.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-W200 12,1 megapixlar með andlitsskynjun að verðmæti 40.000 kr.

Sony Center SUMARFERÐIR FRÉTTABLAÐIÐ

Veglegir vinningar í boði, dregið 31. ágúst og birt í Ferðalög, aukablaði Fréttablaðsins.

Allt sem þú þarft – alla daga

**> STREEP Í RÓMANTÍK**

Leikkonan Meryl Streep, sem þykir fara á kostum í söngvamyndinni Mamma Mia!, hefur tekið að sér hlutverk í nýrri rómantískri gamanmynd sem hefur enn ekki hlotið nafn. Leikstjóri myndarinnar verður Nancy Meyers sem hefur á ferilskránni myndir á borð við The Holiday, Something´s Gotta Give og What Women Want.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Amy ekki ein um áramótin

Amy Winehouse hefur loks ástæðu til að gleðjast, því samkvæmt heimildum breska blaðsins News of the World gæti svo farið að eiginmanni hennar, Blake Fielder-Civil, verði sleppt úr fangelsi strax um áramótin. Fielder-Civil situr inni fyrir tilraun til að hindra framgang réttvísinnar, en í lok júlí var hann dæmdur í 27 mánaða fangelsi.

Nú mun honum hins vegar hafa verið tilkynnt að hann fái um frjálst höfuð strokið strax um áramótin, ef hann haldi sig frá öllum eiturlyfjum þangað til. Fielder-Civil gæti einnig fengið að fara í helgarheimsóknir út fyrir fangelsið frá og með næsta mánuði, með sömu skilmálum.

Móðir Fielder-Civil, Georgette, hefur hins vegar þrábeðið son sinn um að koma til sín frekar en að fara til eiginkonu sinnar yfir umræddar helgi. „Við erum að vona að skilorðseftirlitsmaðurinn hans ráðleggi honum að koma til okkar. Ef hann tengist eiturlyfjum eitthvað yfir helgina verður honum ekki sleppt svona snemma,“ segir Georgette, sem hefur ítrekað lýst yfir áhyggjum af því að Amy muni koma syni sínum í vandræði á ný. „Honum verður sleppt 30. desember ef hann hagar sér vel. Ég hef sagt honum að láta lítið fyrir sér fara.“



**BLAKE MÖGULEGA FRJÁLS Í DESEMBER** Eiginmanni Amy Winehouse hefur verið sagt að hegði hann sér vel geti honum verið sleppt úr fangelsi strax í desember. NORDICPHOTOS/GETTY



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós hefur selt fimm þúsund eintök af nýjustu plötu sinni á Íslandi.

# Sigur Rós í gullsölu

Fimmta plata Sigur Rósar, Með suð í eyrum við spilum endalaust, hefur selst í fimm þúsund eintökum hér á landi og er þar með komin í gull. Nýtt upplag af plötunni er nýkomið í búðir eftir að fyrra upplagið seldist upp.

„Mér finnst salan á þessari nýju plötu vera alveg frábær. Þótt hún hafi gengið vel þegar hún kom út og í kringum tónleikana (í Laugardalnum í sumar) hefur hún verið að seljast jafnt og vel,“ segir Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu.

Síðasta plata Sigur Rósar, Takk, seldist í átta þúsund eintökum á sínu fyrsta ári en hún kom út skömmu fyrir jólavertíðina. Því má búast við að nýja platan eigi eftir að síga fram úr Takk þegar líða tekur á árið. - fb

**Fimleikadeild Ármanns**

Innritun fyrir haustönn 2008 stendur nú yfir til 24. ágúst. Skráningarblað má nálgast á: www.armenningar.is, og nánari upplýsingar fást hjá fimleikar@armenningar.is og í síma 580-5909. Boðið verður uppá fimleika fyrir stelpur og stráka frá 5 ára aldri undir umsjón reyndra þjálfara. Byrjendur æfa tvisvar í viku, 50 mín í senn og fá grunnþjálfun sem nýtist í öllum íþróttum. Einnig er boðið uppá framhaldshópa og keppnisþjálfun pilta og stúlkna. Tekið verður við greiðslum og stundatöflur afhentar 28. ágúst, frá kl. 9-20. Æfingar hefjast skv. stundaskrá mánudaginn 1. sept. Þá verða krílahópar fyrir 3-5 ára börn á laugardagsmorgnum, sem hefjast 6. sept.

*Stjórn fimleikadeildar Ármanns*




# Sumartíska næsta árs

**Tískuvikunni í Kaupmannahöfn, þar sem hönnuðir sýna línur sínar fyrir næsta sumar, lauk í gær. Helga Ólafsdóttir þræddi sýningarnar í borginni og deilir hér með sér af upplifunum sínum.**




**Baum und Pferdgarten**

Á öðrum degi tískuvikunnar liggur leið mín í Ráðhúsið, þar sem Baum und Pferdgarten-sýningin er að hefjast. Eftirvæntingin var mjög mikil, enda hefur Baum und Pferdgarten verið mitt uppáhaldsmerki í mörg ár. Tónlistin er skrúfuð í botn og sýningin hefst. Inn koma hvítklæddar stúlkur, hver á fætur annarri. Þá sjást fallegir fjólubleikir kjólar, ljósfjólubláar blússur og rósóttar silkibuxur. Kjólarnir eru annaðhvort stuttir eða gólfsíðir, og eins og hjá öðrum merkjum í þessari tískuviku eru buxurnar klofsíðari en oft áður.

Ég er gjörsamlega hugfangin af hverri einustu flík. Sýningin er frábær í alla staði.

**Designers Remix Collection**

Að Baum und Pferdgarten-sýningunni lokinni liggur leið mín í dýragarðinn í Frederiksberg, þar sem Designers Remix Collection ætlar að sýna línuna sína í nýja fílahúsinu. Stemningin fyrir utan er létt og skemmtileg og allir sammála um að sýningarstaðurinn sé frábær hugmynd. Fólk treður sér inn í neonlýst fílahúsið, þar sem örlítil fílalykt svífur yfir vötnum.

Einnig hér hefst sýningin á hvítklæddum stúlkum. Formin eru mjög sérstæð og efnin í fellingum, nánast eins og pappír. Ótrúlega fallega gert. Mynstrin eiga rætur sínar að rekja til Japan, eins og mikið af sniðagerðinni.

Kjólarnir eru bæði stuttir og egglaga, á móti síðum og flögrandi. Helstu litirnir hjá Designers Remix eru hvítur, svartur og grár, en litapallettan var líka bleik og fjólublá. Falleg sýning með einstakri sniðagerð.




**Malene Birger**

Danska tískudrottningin sýnir klukkan átta á þriðja degi tískuvikunnar. Það er alltaf mikil eftirvænting eftir þessari stærstu sýningu vikunnar. Ég kem mér fyrir á fremsta bekk að þessu sinni og get ekki beðið.

Sýningin hefst með svörtum kjól með breiðu belti í mittinu, svörtum skóm með háum leðurlegghlífum yfir. Litirnir breytast í ljósbrúna tóna með smá bleikum keim. Gul kápa með skrauti á öxlinni situr föst í huga mér. Antíkbleikir kjólar, græn pils og buxur. Dökkbleik kápa sem límir sig einnig fast í hugann. Mikið af svörtu og hvítu saman, bæði sem mynstur og í einstökum flíkum.

Í lokin eru sýndir kjólar sem eru ekki fjöldaframleiddir, þeir tilheyra línu Salon By Malene Birger. Fallegir chiffon-, silki-, pallíettu- og tjullkjólar svífa um sviðið. Litirnir eru ljósir í bland við neongulan. Þegar síðasta sýningarstúlkan gengur inn ætlar lófatakið aldrei að hætta. Fólk stendur upp og tískudrottninginn fær endalaust hrós. **Helga Ólafsdóttir**



Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

# Hæsta einkunn

Margmiðlunarundur frá Dell fyrir námsmenn á öllum aldri

intel Core™2 Duo inside™

Do More



Úrval af mynstrum og litum

Media Direct™

Innbyggt geisladrif

Wi-Fi Catcher™

HDMI tengi

ExpressCard ™ tengi

8-í-1 minniskorta lesari

Möguleiki á 2 MP vefmyndavél

## Ný Inspiron™ 1525

Nýjasti Intel örgjörvinn tryggir örugga þráðlausa tengingu og frábæra spilun á margmiðlunarefni

### INSPIRON™ 1525 insp1525#6

- Intel® Celeron® örgjörvi 550 (2,0GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1280x800)
- 1,5GB minni
- 80GB harður diskur, 5400rpm
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**89.900 kr.**

3.675 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

### INSPIRON™ 1525 insp1525#7

- Intel® Pentium® Dual-Core örgjörvi T2390 (1,86GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1280x800)
- 2GB minni
- 120GB harður diskur, 5400rpm
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**109.900 kr.**

4.437 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

### INSPIRON™ 1525 insp1525#8

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Premium
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1440x900)
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**139.900 kr.**

5.580 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

* FYRIRVARAR:
Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

DELL™ YOURS IS HERE

EJS

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MÚMÍAN 3 - DIGITAL | kl. 3.50, 5.45, 8 og 10.15-P | 12 |
| WALL–E – ÍSLENSKT TAL | kl. 3.50 og 6 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 4, 7 og 10 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 8 og 10.15 | 12 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 10:30D | 12 |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 8:20 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:50D - 8D - 10:30D | 12 |
| LOVE GURU | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - ( 10:50 Powersýn.) | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| MAMMA MÍA síð. sýn. | kl. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE MUMMY 3 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:45 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| LOVE GURU | kl. 6 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SKRAPP ÚT | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| | kl. | |
| THE MUMMY 3 | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE MUMMY 3 LÚXUS | kl. 5.30D | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 3.30 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE LOVE GURU | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Fimmtíu þúsund á Batman

Um fimmtíu þúsund manns hafa séð nýjustu Batman-myndina, The Dark Knight, síðan hún var frumsýnd hérlendis 23. júlí. Þar með er hún orðin vinsælasta Batman-myndin frá upphafi og stefnir hraðbyri í að verða aðsóknarmesta mynd ársins á Íslandi.

„Þetta virðist stefna óðfluga í einhverja svakalega tölu. Við sjáum ekki eins mikla rýrnun og við myndum ætla og það má gefa sér að menn sjái hana tvisvar til þrisvar sinnum,“ segir Sigurður Victor Chelbat, markaðsstjóri hjá Sambíóunum. „Þetta er langt fram úr björtustu vonum. Hún er þegar búin að hlaupa hring í kringum Batman Begins (síðustu Batman-myndina). Hún þótti takast gríðarlega vel á sínum tíma, var tekin upp á Íslandi og var með gríðarlegan meðbyr,“ segir Sigurður, en alls sáu 37 þúsund manns þá mynd. Hann segir að ýmislegt spili inn í þennan mikla áhuga á The Dark Knight. „Annars vegar er það ánægja með Batman Begins, sem þótti gefa seríunni nýtt líf, og svo fjölmiðlafárið í kringum Heath Ledger. Það sem við teljum síðan vera aðalfaktorinn er hvað myndin er virkilega góð.“

Aðeins tvær myndir hafa verið vinsælli á árinu en The Dark Knight, eða Mamma Mia og Brúðguminn. Um 55 þúsund manns hafa séð hvora myndina um sig. „Þessar þrjár myndir hafa haldið uppi kvikmyndaaðsókninni í sumar,“ segir Sigurður og bætir því við að níutíu þúsund manns hafi farið í Sambíóin í júlímánuði sem sé nýtt met. „Þetta er sami fjöldi og var á setningarathöfninni á Ólympíuleikunum í Peking. Síðan voru 13.500 á Þjóðhátíð í Eyjum sem er sami fjöldi og var í bíóhúsum Sambíóanna yfir verslunarmannahelgina. Þannig að það var sér þjóðhátíð hérna í Sambíóunum.“ - fb



**BATMAN** Christian Bale og Heath Ledger fara á kostum í nýjustu Batman-myndinni, The Dark Knight.

# Samdi lagið Þú og ég fyrir gamla vinnuveitandann

**KK er með mörg járn í eldinum um þessar mundir. Hann á nýtt lag í auglýsingu fyrir SS og fyrsta plata hans í sex ár með eigin efni kemur út í október. Auk þess kennir hann á böskaranámskeiði á Skagaströnd um næstu helgi.**

KK segist margoft hafa verið beðinn um að selja lög sín í auglýsingar en aldrei látið eftir fyrr en nú. „Það var auglýsingaskrifstofa sem hringdi í mig og bað um lagið Ég fann ást til að nota í SS-auglýsingu. Ég hef spilað það í brúðkaupum og afmælum og á þetta lag eiginlega ekkert, þannig að ég gat það bara ekki,“ segir KK.

SS gafst ekki upp því aftur var haft samband við KK og hann beðinn um að semja nýtt lag í staðinn. „Sem unglingur þá vann ég hjá þeim og sagðist skyldu reyna það. Ég var svo ánægður með það að ég er að spekulera í að hafa það á plötunni. Það er mikið af fólki búið að hafa samband og spyrja á hvaða plötu það sé. Ég segi að það sé ekki á neinni plötu, ekki enn þá,“ segir hann og kímir. Lagið nefnist Þú og ég og er ekta KK-lag ef svo má segja.

## Auglýsingar á gráu svæði

Megas var nýverið gagnrýndur fyrir að selja lag sitt í Toyota-auglýsingu og KK játar að tónlistarmenn sem selji lög sín í auglýsingar séu á gráu svæði. „Ef ég væri með boðskap í tónlistinni minni sem væri á móti því að fólk væri að borða kjöt væri það hallærislegt. En ég er alls ekkert á móti fyrirtæki eins og SS. Það er eitt af þessum fáu gömlu íslensku fyrirtækjum sem eru eftir og er partur af jólunum, páskunum, næturlífinu og bara öllu,“ segir hann og bætir við í léttum dúr: „Ef ég hefði sagt já við öll skiptin sem ég hef verið beðinn um lög í auglýsingar þá væru þeir að vinna hjá mér.“

## Konungur böskaranna

KK er þessa dagana að leggja lokahönd á fyrstu plötu sína með eigin efni í sex ár. Sú hefur fengið nafnið Svona eru menn og hefur að geyma blússkotið efni í bland við þjóðlagatónlist í anda Crosby, Stills & Nash með gítar og munnhörpu.



**KK** Tónlistarmaðurinn KK er með mörg járn í eldinum um þessar mundir.

Áður en hún kemur út ætlar KK að kenna á götuspilaranámskeiði á Kántrídögum á Skagaströnd helgina 14. til 16. ágúst. Honum til halds og trausts verður Leo Gillespie, konungur böskaranna, að sögn KK. „Þetta er maður sem á hvergi heima nema þar sem hann leggur hattinn sinn. Það er ekki til meiri böskari en hann,“ segir hann. Saman ætla þeir félagar því að kynna sögu og leyndardóma böskaranna fyrir Íslendingum. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á síðunni www.skagastrond.is.

freyr@frettabladid.is

# Sautján gigg á þremur vikum

Brain Police ætlar í þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu í nóvember og desember þar sem hún spilar á sautján tónleikum, rétt eins og hún gerði á síðasta ári. „Maður var alveg búinn á því eftir það en núna hefur maður reynsluna að baki og undirbýr sig betur. Ég fór í ræktina í þrjár vikur fyrir síðasta túr en ætli það verði ekki fimm vikur núna, það veitir ekki af því,“ segir trommarinn Jónbi.

Tvær eldri plötur sveitarinnar, Electric Fungus og Brain Police, voru fyrir skömmu gefnar út í Bandaríkjunum og Evrópu af útgáfufyrirtæki hennar, hinu bandaríska Small Stone. Áður hafði fyrirtækið gefið út síðustu plötu Brain Police, Beyond the Wasteland, í janúar. Kom hún jafnframt út á vinýl í lok apríl. „Þeir voru mjög hrifnir af því hvað hún fór vel af stað útgáfan á hinni plötunni (Beyond the Wasteland). Við viðruðum við þá að við ættum tvær eldri plötur og þeir voru mjög æstir og vildu endilega gefa þær út. Þetta var því tekið út í góðum rykk, báðar í einu,“ segir Jónbi.

Áhugasamir geta lesið dóma um Beyond the Wasteland á heimasíðu Small Stone, smallstone.com, þar sem farið er fögrum orðum um gripinn. „Hún hefur fengið vægast sagt mjög góða dóma og það virðist vera mikill áhugi og hiti fyrir okkur bæði í Þýskalandi og Bandaríkjunum,“ segir hann.



**BRAIN POLICE** Rokkararnir í Brain Police ætla í tónleikaferð um Evrópu í nóvember.

Við þetta má bæta að sveitin er þegar bókuð á bandarísku tónlistarhátíðina South By Southwest á næsta ári þar sem hún stígur á svið í fyrsta sinn. - fb

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám haustið 2008!
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

**Vertu betri, komdu í nám hjá okkur:**

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

**Veldu kvöld- eða morgunnám!**

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

*Kennslugreinar:*

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 64.900

**Vertu með tvisvar í viku kl. 16:15-19:15!**

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

*Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!*

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Kvöldnám hefst 25. ágúst (19:00-22:00)*

### Dreamweaver og Photoshop



Lærðu á tvö vinsælustu forritin fyrir vefsíðugerð og myndvinnslu á einu námskeiði. Faglega gerðar vefsíður og skemmtilega unnar myndir ráða úrslitum um góðan árangur.

**Helstu kennslugreinar**

- Meginatriði góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu
- Kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður með DreamWeaver
- Framúrskarandi ljósmyndir og myndvinnsla fyrir vef með Photoshop

Eitt námskeið þar sem þú lærir allt það mikilvægasta eða sitt hvort námskeiðið ef þú vilt það frekar.

Talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 55.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

*Hægt er að kaupa aðgang að hvorum hluta námskeiðsins um sig:*

**Photoshop: Ljósmyndir og grafík**
**Lengd**: 27 st./18 klst. **Verð**: 32.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 25. ágúst.

**DreamWeaver vefsíðugerð**
**Lengd**: 27 st./18 klst. **Verð**: 32.900
**Tímar**: Kennt 13:00-16:00, hefst 8. sept.

**Vefhönnun og myndvinnsla**
**Lengd**: 90 st./60 klst. **Verð**: 99.900
**Tímar**: Kennt 16:15-19:15, hefst 18. sept.

### Sumarskóli 9-16 ára



Bjóðum tvö frábærlega skemmtileg námskeið, í næstu viku, fyrir hressa krakka.

*Nám í bland við útivist.*

**Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára**

Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða vídeóvél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. ***Vikunámskeið.***

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 18.900
*Kennt 18.-21. ágúst kl. 9-12:30.*

**Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára**

Kennt að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash CS3. ***Vikunámskeið***

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 18.900
*Kennt 18.-21. ágúst kl. 13-16:30.*

***Tilboð:** Bókaðu tvö eða fleiri námskeið, eða bjóddu vini eða systkini með og fáðu hvert námskeið á aðeins 14.950,-*

**Tryggðu þér sæti núna - hringdu!**

### Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

**Lengd**: 225 stnd./150 klst. **Verð**: 189.900

**Taktu þátt í morgun- eða kvöldnámi!**

### Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

**Komdu í kvöld- eða morgunnám!**

### Skrifstofubraut



Við bjóðum þér tvær frábærar námsleiðir á skrifstofubraut sem skila þér nauðsynlegri þekkingu til þess að takast á við ný og spennandi verkefni á skrifstofu og í rekstri.

**► Skrifstofu- og tölvunám**

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 169.900

**► Skrifstofu- og bókhaldsnám**

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 249.900

**Skráðu þig í morgun- eða kvöldnám!**

### Gott að vita!

- ► VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ► **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ► 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- ► Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ► Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

www.tv.is

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

## 10% afsláttur

til þeirra sem hafa verið áður hjá okkur, eða kaupa tvö eða fleiri námskeið
Gildir aðeins ef annar afsláttur er ekki í boði.

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## > Fjórir leikir í Landsbankadeild karla

15. umferð Landsbankadeildar karla í fótbolta klárast í kvöld með fjórum leikjum. Íslandsmeistarar Vals heimsækja Fjölni en Hlíðarendaliðið hefur verið á mikilli siglingu undanfarið og unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum í deildinni, en nýliðar Fjölnis hafa þar tapað þremur leikjum í röð. Breiðablik mætir Grindavík á Grindavíkurvelli en Grindvíkingar unnu fyrri leik liðanna 3-6 í skrautlegum leik. Botnliðin ÍA og HK eiga bæði heimaleiki og þurfa nauðsynlega að fara að raka til sín stigum ef ekki á illa að fara en Keflvíkingar fara upp á Skaga og Fylkismenn mæta á Kópavogsvöll. Allir leikir kvöldsins hefjast kl. 19.15.



**sport**
sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILD KARLA: ÞRÓTTUR OG FRAM SKILDU JÖFN, 1-1, Á VALBJARNARVELLI Í GÆRKVÖLD

# *Hjörtur tryggði Þrótturum stig í blálokin*



Leikurinn byrjaði rólega og jafnræði var með liðunum. Framarar voru hættulegri fram á við en sköpuðu lítið. Þrótturum gekk illa að opna vörn Fram og máttlaus voru skot þeirra að marki sem reyndu lítið á Hannes í markinu. Fátt var um tilþrif þar til fyrsta mark leiksins kom. Eftir langa spyrnu fram tók Paul McShane við boltanum. Hann hljóp að vítateignum og skaut fast í hægra markhornið, óverjandi fyrir Bjarka í marki Þróttar.

Eftir markið sóttu Þróttarar upp vinstri kantinn með Sigmund Kristjánsson í fyrirgjöfum sem þó skiluðu litlu. Á meðan Þróttur sótti hélt Fram sínu skipulagi vel og gáfu engin færi á sér. Í lok fyrri hálfleiks voru Þróttarar ráðþrota í sóknarleik sínum en leikmenn Fram héldu sínu.

Þróttur sótti meira í seinni hálfleiknum en vörn Fram var gríðarsterk og steig vart feilspor. Það stefndi allt í að gestirnir tækju þrjú dýrmæt stig þangað til víti var dæmt á 88. mínútu. Eftir góðan sprett upp hægri kant komst Jón Jónsson inn í teiginn og Joe Tillen togaði í peysu hans. Dómarinn sá ekki brotið en línuvörður flaggaði vítaspyrnuna. Úr vítinu skoraði Hjörtur Hjartarson örugglega. Stuttu eftir markið fengu leikmenn Fram aukaspyrnu og eftir hana fékk Ingvar Ólason boltann í teignumen hitti hann illa í dauðafæri. Þar við sat og niðurstaðan jafntefli. Gunnar Oddson þjálfari Þróttar var sáttur í lok leiks:

„Ég er bærilega sáttur við stigið. Við höfðum mikið fyrir markinu og vorum ekki að klára færi okkur nógu vel,“ sagði Gunnar að lokum.

Þorvaldur Örlygsson var ekki sáttur við vítaspyrnuna í lokin: „Þar sem ég stóð gat ég ekki séð að um víti væri að ræða, dómarinn veifar leikinn áfram þegar línuvörður flaggar, af hverju,“ sagði Þorvaldur.

Hann var annars sáttur með sitt lið, „Ég var sáttur með liðið en við hefðum mátt nýta færin betur sem við fengum þó í leiknum,“ sagði Þorvaldur Örlygsson að lokum við Fréttablaðið.

- rv

**Þróttur 1-1 Fram**

Valbjarnarvöllur, áhorf.:Óuppg. Einar Örn Daníels. (6)

*0-1 Paul McShane (29.),*
*1-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (88.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6-8 (3-4) |
| Varin skot | Bjarki Freyr 4 – Hannes Þór 2 |
| Horn | 2-3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9-7 |
| Rangstöður | 1-2 |

| **ÞRÓTTUR** 4–5–1 | | **FRAM** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Bjarki Freyr Guðm. | 7 | Hannes Þór Halldórs. | 6 |
| Jón R. Jónsson | 7 | Jón Orri Ólafsson | 6 |
| Michael Jackson | 6 | Auðun Helgason | 7 |
| Þórður Hreiðars. | 6 | Reynir Leósson | 7 |
| Kristján Ó. Björns. | 6 | Sam Tillen | 6 |
| Magnús M. Lúðvíks. | 5 | Halldór Jónsson | 6 |
| (54.,Hjörtur Hjartars. | 7) | ***Paul McShane** | **8** |
| Dennis Danry | 6 | Ingvar Ólason | 7 |
| Hallur Halls. | 6 | Heiðar Júlíusson | 8 |
| Sigmundur Kristjáns. | 6 | Ívar Björnsson | 7 |
| Andrés Vilhjálms. | 7 | Hjálmar Þórarinsson | 7 |
| (90., Eysteinn Lárus. | -) | (75., Joseph Tillen | -) |
| Jesper Sneholm | 5 | | |

**Maður leiksins*

**STAÐAN**

*Landsbankadeild karla:*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **15** | **11** | **1** | **3** | **35-15** | **34** |
| 2. Keflavík | 14 | 9 | 3 | 2 | 32-21 | 30 |
| **3. Valur** | **14** | **8** | **2** | **4** | **26-18** | **26** |
| 4. Fram | 15 | 8 | 1 | 6 | 18-12 | 25 |
| **5. Breiðablik** | **14** | **6** | **5** | **3** | **28-20** | **23** |
| 6. KR | 15 | 7 | 1 | 7 | 24-18 | 22 |
| **7. Fjölnir** | **14** | **7** | **0** | **7** | **22-17** | **21** |
| 8. Grindavík | 14 | 6 | 2 | 6 | 21-25 | 20 |
| **9. Þróttur** | **15** | **4** | **6** | **5** | **22-28** | **18** |
| 10. Fylkir | 14 | 4 | 1 | 9 | 15-27 | 13 |
| **11. ÍA** | **14** | **1** | **4** | **9** | **11-30** | **7** |
| 12. HK | 14 | 1 | 2 | 11 | 14-37 | 5 |

**Markahæstu leikmenn deildarinnar:**

| | |
|---|---|
| **1. Björgólfur Takefusa (KR)** | **11** |
| 2. Guðmundur Steinarsson (Keflavík) | 10 |
| **3. Tryggvi Guðmundsson (FH)** | **9** |
| 4. Helgi Sigurðsson (Valur) | 9 |
| **5. Nenad Zivanovic (Breiðablik)** | **8** |
| 6. Pálmi Rafn Pálmason (Valur) | 7 |
| **7. Atli Viðar Björnsson (FH)** | **7** |
| 8. Pétur Georg Markan (Fjölnir) | 6 |
| **9. Prince Rajcomar (Breiðablik)** | **6** |
| 10. Gunnar Már Guðmundsson (Fjölnir) | 6 |
| **11. Mitja Brulc (HK)** | **6** |

# Þrjú mikilvæg stig hjá FH

**FH-ingar fóru á kostum gegn KR-ingum í fyrri hálfleik og upphafi þess síðari en voru nálægt því búnir að spila leikinn frá sér í lokin á KR-velli í gærkvöld.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar sóttu þrjú mikilvæg stig á KR-völlinn í gær og yfirspiluðu KR-inga á köflum í leiknum. Værukærð Hafnfirðinga í síðari hálfleik hefði þó getað komið þeim um koll.

„Við yfirspiluðum þá í fyrri hálfleik fannst mér og við vorum að láta boltann ganga mjög vel innan liðsins og skapa okkur góð færi,“ sagði Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH, sem átti góðan leik.

FH-ingar voru að spila vel alls staðar á vellinum í fyrri hálfleik, stjórnuðu miðjunni og sóknaraðgerðir þeirra voru beittar og varnarmenn KR áttu í stökustu vandræðum með hraðar sóknir þeirra. KR-ingar fengu ágæt færi framan af leik en reyndu mest að beita löngum sendingum fram völlinn.

FH-ingar skoruðu fyrsta markið úr vítaspyrnu strax á 14. mínútu þegar boltinn fór augljóslega í hönd Jordaos Diogo og Tryggvi Guðmundsson skoraði af öryggi úr spyrnunni. Tryggvi var nálægt því að bæta við öðru marki stuttu síðar en skot hans fór í stöng.

Annað mark FH kom á 29. mínútu og þar var að verki Matthías Guðmundsson eftir góðan undirbúning Höskuldar Eiríkssonar. Matthías tók boltann á lofti og negldi honum í netið af stuttu færi, óverjandi fyrir Stefán Loga í markinu. En Matthías klúðraði algjöru dauðafæri á upphafsmínútum leiksins og náði þarna að bæta vel fyrir það.

FH-ingar héldu áfram að þjarma að marki KR í upphafi seinni hálfleiks en voru værukærir og fóru nokkrum sinnum illa að ráði sínu í upplögðum marktækifærum. KR-ingar tóku þá við sér og unnu sig aftur inn í leikinn og minnkuðu muninn með marki Guðmundar Reynis Gunnarssonar.

Lokamínúturnar voru spennuþrungnar þar sem KR-ingar pressuðu stíft að marki FH en náðu ekki að jafna. Þess í stað fékk Bjarni Guðjónsson rautt spjald í uppbótartíma og KR endaði leikinn einum færri, lokatölur urðu 1-2.

„Vorum á rassgatinu í fyrri hálfleik og það er of dýrt í svona leik og því fór sem fór,“ sagði Jónas Guðni hjá KR. **omar@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**MARK** Matthías Guðmundsson skorar hér með föstu skoti.

**KR 1-2 FH**

*0-1 Tryggvi Guðmundsson (14.),*
*0-2 Matthías Guðmundsson (29.),*
*1-2 Guðmundur R. Gunnarsson (64.).*

KR-völlur, áhorf.: 2.237
Jóhannes Valgeirsson (8)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14-10 (7-6) |
| Varin skot | Stefán Logi 3 – Gunnar 5 |
| Horn | 6-3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16-9 |
| Rangstöður | 5-5 |

**KR 4–4–2** Stefán Logi Magnússon 7 - Bjarni Guðjóns. 4, Gunnlaugur Jóns. 5, Grétar Sigfinnur 6, Jordao Diogo 4, Gunnar Ö. Jóns. 3 (61., Skúli Jón Friðgeirs. -)(79., Guðmundur Péturs. -), Jónas Guðni 4, Viktor Bjarki 5, Óskar Ö. Hauks. 5 (52., Guðmundur Reynir 6), Guðjón Baldvins. 6, Björgóflur Takefusa 4.

**FH 4–3–3** Gunnar Sigurðsson 7 - Höskuldur Eiríks 7 (63., Guðmundur Sævars. 6), Tommy Nielsen 6, Dennis Siim 6, Hjörtur Logi 6, ***Davíð Þór 8**, Björn Daníel Sverris. 5, Matthías Vilhjálms. 7, Matthías Guðm. 7(84., Ásgeir G. Ásgeirs. -), Atli Guðnas. 6 (72., Jónas Grani -), Tryggvi Guðm. 7.



**MIKIL REYNSLA** Sigrún Brá nýtur sín vel í Peking og er ákveðin í því að taka aftur þátt í Ólympíuleikum á sínum ferli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigrún Brá Sverrisdóttir:

# Ekki mínir síðustu leikar

**PEKING 2008** Hin 18 ára gamla Sigrún Brá Sverrisdóttir er mætt á sína fyrstu og líklega ekki síðustu Ólympíuleika hér í Peking. Sigrún var enn að átta sig á aðstæðum er Fréttablaðið hitti hana að máli.

„Það er allt rosalega stórt hér og mikið um að vera. Þetta er samt ekkert yfirþyrmandi og ég er alveg róleg,“ sagði Sigrún Brá brosmild og leyndi sér ekki að hún nýtur sín vel.

„Það er svo sannarlega draumur að rætast að vera komin hingað og mér líður mjög vel. Það er gaman að upplifa þetta og sjá allt fólkið. Þetta verða alls ekki mínir síðustu Ólympíuleikar.“

Sigrún Brá tekur þátt í 200 metra skriðsundi í dag.

„Ég stefni á að bæta minn persónulega árangur en aðalmálið er að njóta reynslunnar og þess að vera hérna,“ sagði Sigrún en hefur hún áhyggjur af stressi?

„Það þarf að halda í skefjum og ég reyni að hugsa jákvætt um sundið og vera bjartsýn. Auðvitað eru aðstæður svolítið yfirþyrmandi en maður verður að halda ró sinni,“ sagði Sigrún Brá að lokum. - hbg

VIÐ PRENTUM Á GOLFBOLTA
Ný kúla
Dimplit 1070
Ef þú kaupir 120 bolta þá er prentunin frí.
Golfgjafavörur.
Verðlaunagripir.
HÖFUM EINNIG Á LAGER:
BRIDGESTONE Titleist TOP FLITE Callaway
MARKO MERKI
AUGLÝSINGAVÖRUR
www.marko.is/565-1999

Taugarnar fóru illa með Söruh Blake Bateman sem keppti í 100 metra baksundi í Peking í gær:

# Sarah svaf ekkert nóttina fyrir sundið

**PEKING 2008** Flórídamærin Sarah Blake Bateman náði ekki að slá eigið Íslandsmet í 100 metra baksundi í gær. Hún synti á 1:03,82 mínútum og varð síðust í sínum riðli. Hún endaði í 41. sæti af 49 keppendum.

Þetta var fyrsta reynsla hinnar átján ára gömlu Söruh af Ólympíuleikum og hún viðurkenndi að spennan hefði verið mikil.

„Ég svaf ekkert um nóttina af spenningi. Ég gat bara ekki sofnað. Ég lagði mig aðeins um daginn og það var allt og sumt,“ sagði Sarah og brosti blítt en hún var eðlilega ekki fullkomlega ánægð með sundið sitt enda hafði hún stefnt á að bæta sinn besta tíma.

„Ég er ekki nógu ánægð með sundið en það var samt þokkalegt, þannig að ég er ekkert rosalega svekkt. Ég var eðlilega ekkert í allt of góðu standi vegna svefnleysis þannig að í ljósi þess er ég þokkalega sátt eftir allt saman,“ sagði Sarah, sem sagðist þess utan hafa verið í sínu allra besta formi.

„Annars verð ég að segja að þessi lífsreynsla að vera hér er með hreinum ólíkindum og ég get ekki líkt neinu öðru við þetta. Ég hef lært mikið og kem sterkari á næstu misserum,“ sagði Sarah, sem heldur fljótlega aftur til Bandaríkjanna þar sem hún er á leið í skóla. - hbg



**ÞOKKALEGA SÁTT** Sarah Blake hefði viljað gera betur í gær en kvaðst hafa dregið mikinn lærdóm af þátttöku sinni í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÚTSALA

## 20-60% AFSLÁTTUR



40% AFSLÁTTUR

**Kr. 9.540.-**

**New York borðstofustólar**
Fallega hannaðir borðstofustólar - fást í hvítu og svörtu
**Verð 9.540.-** (verð áður 15.900.-)

### ÖNNUR ÓTRÚLEG TILBOÐ Á ÚTSÖLUNNI

GLÆSILEGUR ÍTALSKUR HVÍLDARSÓFI MEÐ RAFMAGNI Á **25%** AFSLÆTTI EÐA AÐEINS **KR. 239.900.-** (VERÐ ÁÐUR KR. 319.900)

SÓFABORÐ ERU Á TILBOÐI **15 - 25%** AFSLÁTTUR



60% AFSLÁTTUR

**Kr. 69.900.-**

**Lukas borðstofusett** -
Mjög vandað borðstofusett frá Sviþjóð úr gegnheilli hnotu
Borð 180 x 95 sm + 6 leðurklæddir stólar
**Verð aðeins 69.900.-** (verð áður 177.300.-)



30% AFSLÁTTUR

**Kr. 79.900.-**

**Colby 3ja sæta sófi** (stærð 205 x 90 sm)
Hluti af Urban Attitudes húsgagnalínunni sem slegið hefur rækilega í gegn í Ameríku
**Verð 79.900.-** (verð áður 115.500.-)



20% AFSLÁTTUR

**Kr. 79.900.-** (leðuráklæði)

**Rocky hvíldarstóll** (tau eða leður)
Þægilegur sænskur hvíldarstóll á snúningsfæti
**Verð 79.900.-** (verð áður 99.900.-)

BROS 3737/2008



25% AFSLÁTTUR

**Kr. 314.850.-**

**Calia Premium** 3+2 sófi
Vönduð ítölsk gæði með mjög góðum afslætti
**Verð 314.850.-** (verð áður 419.800.-)



25% AFSLÁTTUR

**Kr. 33.750.-**

**Skinn**
Úrval af vönduðum skinnum
**Verð 33.750.-** (verð áður 45.000.-)



25% AFSLÁTTUR

**Kr. 14.900.-**

**Funco borð** (fæst í 3 litum)
Borð sem smellpassar við hliðina á hægindastólnum
**Verð 14.900.-** (verð áður 19.900.-)

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 1400 • FAX: 554 2453 • WWW.SETT.IS

OPNUNARTÍMI: MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00 • SUNNUDAGA LOKAÐ

sætir sófar

## ÚRSLIT

### Ólympíuleikarnir í Peking

**Ísland-Rússland 33-31 (19-16)**

**Mörk Íslands (skot):** Snorri Steinn Guðjónsson 12/6 (12/6), Alexander Petersson 6 (10), Arnór Atlason 6 (13), Sturla Ásgeirsson 3 (4), Ólafur Stefánsson 3 (8/1), Róbert Gunnarsson 2 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (1).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 12 (34/5) 35%, Hreiðar Levý Guðmundsson (8/2).
**Hraðaupphlaup:** 5 (Alexander 2, Arnór 2, Ásgeir).
**Fiskuð víti:** 7 (Róbert 3, Ólafur, Arnór, Snorri, Alexander).
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Mörk Rússa:** Konstantin Igropulo 9, Alexander Tsjernoivanov 5, Eduard Koksharov 4, Alexej Rastvortsev 4, Egor Evdokimov 2, Alexej Kamanin 2, Dmitrí Kovalev 2, Timur Dibirov 1, Denis Krivoshljkov 1, Vasilí Filippov 1.
**Varin skot:** Oleg Grams 16, Alexej Kostygov 2.
**Hraðaupphlaup:** 8
**Utan vallar:** 12 mínútur.



**ÁNÆGÐUR** Guðmundur var sáttur með bæði vörn og sókn íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur Guðmundsson:

## Strákarnir tóku mig á orðinu

**PEKING 2008** „Það er gríðarlega mikilvægt að byrja vel. Ég hafði góða tilfinninguna fyrir þessum leik og það gekk eftir,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari kátur í leikslok.

„Það sem er líka ánægjulegt er að varnarleikurinn var mjög góður fyrir utan kannski fyrstu tíu mínútur leiksins. Sóknarleikurinn var allan tímann mjög fjölbreyttur. Auðvitað var smá hökt á köflum en það gerist stundum,“ sagði Guðmundur en góð byrjun hefur ekki verið aðalsmerki íslenska liðsins á síðustu stórmótum.

„Ég sagði við strákana að fara á völlinn og njóta sín. Þeir hafa lagt mikið á sig og þeir tóku mig á orðinu. Framhaldið verður mjög erfitt en við mætum grimmir til leiks gegn Þjóðverjum.“ - hbg

Meiðsli Guðjóns Vals:

## Enn óvissa

**PEKING 2008** Guðjón Valur Sigurðsson lék ekkert með gegn Rússum vegna meiðsla á ökkla sem hann hlaut á æfingu. Sturla Ásgeirsson leysti hann af hólmi og stóð sig mjög vel. Guðjón fékk því nauðsynlega hvíld og vonandi verður hann klár í næsta leik. Aðspurður um stöðu mála sagði Guðjón:

„Ég veit það ekki. Við sjáum bara til,“ sagði Guðjón og brosti í kampinn. - hbg






Erla Dögg var vonsvikin með dapurt sund hjá sér:

## Veit ekki hvað var að

**PEKING 2008** Erla Dögg Haraldsdóttir fann sig engan veginn í 100 metra bringusundinu í Peking í gær. Hún kom í mark á 1:11,78 mínútum sem er rúmri sekúndu frá Íslandsmeti hennar. Hún hafnaði í 40. sæti af 49 keppendum og var þar að leiðandi fjarri því að komast áfram.

„Ég er alls ekki nógu ánægð með þetta. Ég veit ekki alveg hvað var að í dag. Ég bara fann ekki flæðið og hef ekki verið að finna það síðan ég kom hingað. Af hverju veit ég ekki,“ sagði Erla Dögg, hundsvekkt skömmu eftir sundið, en hún keppir í 200 metra fjórsundi í dag.

„Ég ríf mig upp fyrir það og reyni að gera betur. Ég ætla mér að vera tilbúin en vonandi truflar þessi frammistaða mig ekki neitt,“ sagði Erla og var rokin.

Erla Dögg á einnig Íslandsmetið í 200 metra fjórsundi, 2:18,74, sem hún setti í Laugardalslaug í byrjun apríl á þessu ári.

- hbg



**ÁKVEÐIN Í AÐ GERA BETUR** Erla Dögg var ekki ánægð með frammistöðu sína í 100 metra bringusundi í gær en er ákveðin í að gera betur í 200 metra fjórsundi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samfélagsskjöldurinn:

## United vann

**FÓTBOLTI** Keppnistímabilið hjá liðum í ensku úrvalsdeildinni mallaði rólega af stað í gær með hinum árlega leik um Samfélagsskjöldinn þar sem Manchester United vann Portsmouth, 3-1, eftir vítaspyrnukeppni.

Staðan var markalaus eftir venjulegan leiktíma og lítið um opin færi en Englandsmeistarar United voru þó sterkari aðilinn. Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Portsmouth en var skipt út af í síðari hálfleik. - óþ



# Alex og Snorri rotuðu Rússana

**Strákarnir okkar fengu flugstart á Ólympíuleikunum er þeir lögðu bronslið Rússa frá síðustu leikum í Aþenu, 33-31, í fyrsta leik sínum. Alexander Petersson og Snorri Steinn Guðjónsson fóru á kostum í íslenska liðinu. Alexander fékk sér í lagi óblíðar móttökur frá leikmönnum rússneska liðsins en lét það lítið á sig fá.**

**PEKING 2008** Það var talsvert annar bragur á íslenska landsliðinu í fyrsta leik sínum á ÓL en í fyrstu leikjum síðustu stórmóta. Strákarnir mættu geysilega vel stemmdir til leiks, byrjuðu með látum og létu forystuna aldrei af hendi. Þeir lönduðu verðskulduðum sigri, 33-31, sem hefði hæglega getað orðið stærri.

Fyrri hálfleikur var ákaflega góður hjá liðinu; sóknarleikurinn lifandi og fjölbreyttur og vörnin small fljótlega vel saman. Markvarslan var aftur á móti engin og það leiddi til þess að Ísland var aðeins þrem mörkum yfir í leikhléi, 19-16.

Ísland náði fljótt fimm marka forystu í síðari hálfleik, 21-16, en missti forskotið niður eins og oft áður. Björgvin var þá byrjaður að verja vel. Í stöðunni 22-21 virtust íslensku strákarnir ætla að brotna undan ágangi rússneska bjarnarins en þeir stóðu af sér slaginn og sigldu fram úr á nýjan leik. Náðu mest sjö marka forskoti, 31-24. Rússar klóruðu í bakkann en það var of seint og of lítið.



**FRÁBÆR** Snorri Steinn Guðjónsson átti stórleik fyrir íslenska liðið í gær og skoraði tólf mörk, þar af sex úr vítum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SIGURREIFUR** Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson hafði ástæðu til þess að fagna í gær þegar Ísland vann Rússland. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég var mjög meðvitaður um að ég væri kominn á Ólympíuleika. Fyrsti leikurinn minn á ÓL, fyrstu mínúturnar, fyrsta markið og svo framvegis. Ég ætlaði ekki að eiga slæmar minningar um minn fyrsta leik á ÓL,“ sagði Alexander Petersson brosmildur en hann fór hreint hamförum í leiknum. Skoraði frábær og mikilvæg mörk, stóð vaktina í vörninni vel, stal boltum og fiskaði vítakast svo eitthvað sé nefnt. Hann gerði allt í þessum leik og var frábær.

Alex er fæddur og uppalinn í Lettlandi og hann var því að mæta sínum gömlu nágrönnum. Þeir voru ekki kátir með stórleik hans og brutu á stundum mjög gróflega á honum og sluppu ótrúlega vel.

„Ég sagði hæ við þá á rússnesku fyrir leik og þeir vita að ég er frá Lettlandi. Kannski voru þeir að reyna að meiða mig en ég vona ekki. Ég get ekki neitað því að það er mjög sérstakt og ánægjulegt fyrir mig að spila vel gegn Rússum. Þetta er risaþjóð og ákaflega gaman að vinna þá,“ sagði Alex.

Snorri Steinn Guðjónsson átti einnig sannkallaðan stórleik. Skoraði níu mörk í fyrri hálfleik og öll tólf skot hans fóru í mark Rússanna.

„Það var ekki bara ég heldur allt liðið sem var vel stemmt og rétt innstillt,“ sagði Snorri Steinn hógvær í leikslok. „Fyrsti leikur er mikilvægur og ákaflega gott að setja tóninn. Sigur í fyrsta leik léttir líka lundina og gerir framhaldið aðeins auðveldara.“



**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

Örn komst ekki áfram í 100 metra baksundinu:

## Stoltið er sært

**PEKING 2008** Örn Arnarson náði ekki að bæta sjö ára gamalt Íslandsmet sitt í 100 metra baksundi í gær eins og hann ætlaði sér. Í raun var hann mjög langt frá því, eða um einni og hálfri sekúndu, og hann komst því ekki áfram og endaði í 35. sæti af 45 keppendum.

„Það var ýmislegt jákvætt við þetta sund og fullt neikvætt líka. Þetta var besti tíminn sem ég næ í ár en samt engan veginn nógu gott. Ég hefði viljað fara miklu hraðar,“ sagði Örn svekktur. Hann kom í mark á 56,15 sekúndum en Íslandsmet hans er 54,75.

„Ég fæ tækifæri til þess að laga þetta í skriðsundinu en ég get ekki neitað því að stoltið er sært. Ég ætlaði mér mun stærri hluti og svo kemur þessi niðurstaða. Þá er stoltið að sjálfsögðu sært,“ sagði Örn, sem hefur gengið í gegnum miklar hremmingar síðustu mánuði, meðal annars farið í hjartaþræðingu og svo misst þjálfarann. „Það hjálpaði ekki til en ég vil ekki kenna neinu um.“ - hbg



**VONBRIGÐI** Örn Arnarson gat ekki neitað því að hafa orðið fyrir vonbrigðum með 100 metra baksundið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## RÝMINGARSALA Á GRILL & GARÐVÖRU

VERÐ ÁÐUR: 9594
7990
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR

VERÐ ÁÐUR: 2495
1950
SLÁTTUORF 200W

VERÐ ÁÐUR: 19.990
12.990
SLÁTTUORF, BENSÍN

VERÐ ÁÐUR: 7995
5995
SLÁTTUORF 500W

VERÐ ÁÐUR: 11.988
9950
LAUFSUGA, BLÁSARI

VERÐ ÁÐUR: 27.995
21.995
SLÁTTURVÉL, BENSÍN - 1800W

VERÐ ÁÐUR: 7995
5995
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR

VERÐ ÁÐUR: 5900
3995
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS

VERÐ ÁÐUR: 299
179
GARÐKLÓRA

VERÐ ÁÐUR: 299
179
GARÐSKÓFLA

FLO

VERÐ ÁÐUR: 12.990
9.990
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS

VERÐ ÁÐUR: 15.950
12.950
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS - 1400W

VERÐ ÁÐUR: 6950
5995
ÚÐABRÚSI 15L

VERÐ ÁÐUR: 2459
1959
ÚÐABRÚSI 5L

VERÐ ÁÐUR: 1668
1299
15M GARÐSLANGA
MEÐ STÚT OG TENGJUM

Tilboðsverð:
449.900*
NUDDPOTTUR

Stærð 203cm x 197cm x 90cm / 2 vatnsnudddælur, 2hö og 1 hö.
21 vatnsnuddstútar / Digital stjórnborð, stýrir nudddælum,
hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum / Ozone hreinsikerfi og 3kw hitari
4 LED ljós í skel / Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap.
Verð: 499.900

*Sérskilmálar

VERÐ ÁÐUR: 11.994
9595
SLÖNGUKEFLI 20M

VERÐ ÁÐUR: 12.990
9990
GASGRILL

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17



> **Annette Bening**

„Kvikmyndabransinn er erfiður. Hann keyrir áfram á arðsemi og því að fá sem flesta í bíóhúsin. Þannig er bransinn og af því ræðst hvaða myndir eru gerðar.“ Bening leikur í myndinni Mrs. Harris sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

dagsk

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LEITAR AÐ ÓLAFI ÞÓRÐARSYNI

# *Fínn þáttur í morgunsárið*

Ég veit ekki hvernig er með þig en ég hlusta talsvert á Gufuna í vefupptökum, skrolla fram og til baka og tékka á hvað þáttagerðarmenn okkar eru að gera. Þannig lenti ég í því að leita uppi þátt sem Ólafur Þórðarson – betur þekktur sem Óli í Ríó – hefur verið með stopult á dagskránni og kallar Í morgunsárið. Hann var með einn á laugardagsmorguninn og þar áður mánudag eftir verslunarmannahelgi. Ég minnist þess að hafa heyrt hann einhvern tíma í júlí og þá voru þar flutt lög með Birni R. Einarssyni. Í seinni þáttum hefur Ólafur leitað uppi létta ópusa úr dægurlagakraminu. Hann er með þægilega rödd, smekkmaður á tónlist og setur saman skemmtilega lagalista, alla vega fyrir mann sem fæddist snöggt eftir miðja síðustu öld.

Upplýsingar um þátt sem þennan eru fátæklegar á vef RÚV. Þætti sem þessa á maður að geta nálgast undir registri, helst langt aftur í tímann. Efnið er til og þjónusta á að vera þægileg. Þannig er það víða erlendis þar sem finna má allan skrattann í hlöðum sterkra útvarpsstöðva og á okkar vefleitartímum á sannarlega flestallt efni að vera hleðsluvænt.

Finnum Óla öruggan stað í hlöðum Efstaleitis og það sem meira er, setjum hann á sinn fasta stall í dagskránni svo ekki þurfi að kalla út hjálparsveitir til að finna hann í dagskránni.



**DAGSKRÁRGERÐ** Ólafur Þórðarson er smekkmaður á tónlist.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** ÍA - Keflavík beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20** So you Think you Can Dance STÖÐ 2



▶ **21.00** Eureka SKJÁREINN



▶ **21.00** American Dad STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.15** Anna Pihl SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**07.30 ÓL í Peking - Samantekt** (7:45)
**08.15 ÓL í Peking** Körfubolti kvenna
**10.30 ÓL í Peking** Sund, undanriðlar
**12.10 ÓL í Peking** Badminton
**14.05 ÓL í Peking** Körfubolti kvenna
**16.15 ÓL í Peking - Samantekt** (8:45)
**17.00 ÓL í Peking Samantekt** (9:45)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Kóalabræðurnir** (53:78)
**18.12 Herramenn** (15:52)
**18.25 Út og suður** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Fiðrildi á ferð og flugi** Þýsk heimildamynd um suðræn fiðrildi.
**20.50 Vinir í raun** (In Case of Emergency) (9:13)
▶**21.15 Anna Pihl** (4:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Ólympíukvöld** (3:16)
**22.45 Slúður** (Dirt II) (16:20)
**23.25 Kastljós** (e)
**23.55 ÓL í Peking** Júdó
**01.30 ÓL í Peking** (e)
**01.55 ÓL í Peking** Sund, úrslit
**03.55 ÓL í Peking** Strandblak
**04.55 ÓL í Peking** Strandblak
**05.50 ÓL í Peking** Handbolti karla, A riðill

## BÍÓ

**08.00 Manchester United: The Movie**
**10.00 Land Before Time XI: Invasion of the Tinysauruses**
**12.00 Blue Sky**
**14.00 Manchester United: The Movie**
**16.00 Land Before Time XI: Invasion of the Tinysauruses**
**18.00 Blue Sky**
**20.00 Mrs. Harris** Kona er sökuð um morð á frægum lækni sem hún hafði átt í ástarsambandi við í fjórtán ár.
**22.00 The Island**
**00.15 Enemy Mine**
**02.00 The United States of Leland**
**04.00 The Island**
**06.15 The Object of Beauty**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Two and a Half Men** (13:24)
**10.40 Sisters** (7:24)
**11.25 Logi í beinni**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Grumpy Old Women** (1:4)
**13.40 How I Met Your Mother** (6:22)
**14.05 Try Seventeen**
**15.55 Háheimar**
**16.20 Leðurblökumaðurinn**
**16.40 Tracey McBean**
**16.53 Louie**
**17.03 Skjaldbökurnar**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (5:25)
**19.55 Friends**
▶**20.20 So You Think You Can Dance** (10:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**21.45 So You Think You Can Dance**
**22.35 Missing** (14:19) Þriðja þáttaröð þessa vinsæla spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki.
**23.20 It's Always Sunny In Philadelphia** (6:10)
**23.45 My Date with Drew**
**01.20 Las Vegas** (5:19)
**02.05 Try Seventeen**
**03.35 Grumpy Old Women** (1:4)
**04.05 Two and a Half Men** (13:24)
**04.30 Missing** (14:19)
**05.15 The Simpsons** (5:25)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008** Útsending frá leik KR og FH í Landsbankadeild karla.
**13.10 US PGA Championship 2008** Útsending frá lokadeginum á US PGA Championship mótinu í golfi.
**17.10 Landsbankadeildin 2008** Útsending frá leik KR og FH í Landsbankadeild karla.
▶**19.00 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik ÍA og Keflavíkur í Landsbankadeild karla.
**21.15 10 Bestu - Pétur Pétursson** Fyrsti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn íslandssögunnar.
**22.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
**23.00 Landsbankadeildin 2008** Útsending frá leik ÍA og Keflavíkur í Landsbankadeild karla.
**00.50 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Samfélagsskjöldurinn** Útsending frá leik Man. Utd og Portsmouth.
**16.10 Enska 1. deildin** Útsending frá leik Nottingham Forest og Reading í ensku 1. deildinni.
**17.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.20 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.15 Amsterdam Tournament 2008** Útsending frá leik Ajax og Arsenal.
**21.00 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.00 Coca Cola mörkin** Öll mörkin úr ensku 1. deildinni skoðuð í bak og fyrir.
**22.30 Bestu leikirnir** Chelsea - Arsenal

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 What I Like About You** (e)
**19.45 Less Than Perfect** (e)
**20.10 Kimora: Life in the Fab Lane - Lokaþáttur** Skemmtileg þáttaröð þar sem Kimora Lee Simmons stofnandi Baby Phat og Phat Farm hleypir áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt. Í þessum lokaþætti beinist athyglin að dætrunum, Ming og Aoki, og öllu umstanginu í kringum þær.
**20.35 Hey Paula - Lokaþáttur** Það er komið að síðasta þættinum og Paula fær dansara í áheyrnarprufur. Sýnt verður hvernig krónískir verkir gera henni lífið leitt og ekki batnaði ástandið eftir að hún datt um einn af hundunum sínum og laskaði á sér nefið. Kærasti Paulu heldur afmælisveislu með óvæntum gestum.
▶**21.00 Eureka - NÝTT** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Tímaflakk Carters og Deacons dregur dilk á eftir sér og Carter þarf að rannsaka dularfull dauðsföll í bænum.
**21.50 The Evidence** (7:8) Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. Ung kona er myrt fyrir framan kærasta sinn en málið er flóknara en það virtist í fyrstu.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**23.30 Criss Angel Mindfreak** (e)
**23.55 Family Guy** (e)
**00.20 Da Vinci's Inquest**
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**18.45 Gönguleiðir** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.00 OG 20.00



### Seinfeld

Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegum uppátækjum. Þess má geta að höfundur þáttanna ásamt Jerry Seinfeld er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Slúður (Dirt II)

### Sjónvarpið kl. 22.45



Slúður er bandarísk þáttaröð sem fjallar um blaðamanninn Lucy Spiller sem er í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins. Hún getur verið bæði grimm og miskunarlaus, undirmönnum sínum til til mikillar armæðu. Hún eignast samt góðan vin í ljósmyndaranum Don en hann á við sín eigin vandamál að stríða. Með aðalhlutverk fara Courteney Cox, Ian Hart, Josh Stewart og Laura Allen.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Látún
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Út um víðan völl
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Tónlist úr þularstofu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Þættir úr lífi Bill Evans
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Mín liljan fríð
**22.45** Dalakofinn
**23.30** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (8:13)
**17.30 Entourage** (19:20)
**18.00 American Dad** (2:16)
**18.30 Happy Hour** (2:13)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (8:13)
**20.30 Entourage** (19:20) Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
▶ **21.00 American Dad** (2:16) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.
**21.30 Happy Hour** (2:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Women's Murder Club** (8:13)
**22.45 The Tudors** (2:10)
**23.45 Wire** (8:13)
**00.45 Sjáðu**
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Hlín Agnarsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.
**21.00 Mæður og dætur** Auður Eir Vilhjálmsdóttir og Yrsa Þórðardóttir.
**21.30 Óli á Hrauni** Umsjón: Ólafur Hannesson. Gestir: Sóley Tómasdóttir varaborgarfulltrúi og Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**15.00** NI HAO OL højdepunkter **15.30** Lotte fra Spektakelmagergade **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.05** Hercule Poirot **18.00** Det vilde Kina **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO aften-OL **20.20** Kriminalassistent Cato Isaksen **21.45** Seinfeld **22.25** En sag for Frost **0.10** Conviction **1.00** NI HAO OL direkte **1.30** NI HAO OL direkte **5.00** NI HAO OL direkte

## NRK 1

**6.00** Sommer-OL i Beijing: Håndball Norge-Angola, kvinner **7.45** Sommer-OL i Beijing **13.00** Sommer-OL i Beijing: Sandvolleyball **14.00** Sommer-OL i Beijing **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL i Beijing: OL-studio **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Tudors **20.30** Telemarkfestivalen i Bø **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.45** 20 spørsmål **23.10** Roxanne **1.00** Sommer-OL i Beijing **2.00** Sommer-OL i Beijing: Svømming finaler **3.30** Sommer-OL i Beijing: Sandvolleyball **5.00** Sommer-OL i Beijing: Høydepunkter fra nattens øvelser **6.00** Sommer-OL i Beijing

## SVT 1

**10.00** Sommar-OS i Peking **16.00** Hannas hjälplinje **16.10** Lisa **16.15** Rorri Racerbil **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lilla Melodifestivalen: Artisterna 2007 **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Wallace & Gromit **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Den inre fienden **20.55** Rapport **21.05** Sommar-OS i Peking **1.00** Sommar-OS i Peking **4.00** Sommar-OS i Peking



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta á lagið Summer Wine með Sinatra, því stelpan sem ég vinn með syngur það öllum stundum.“*

Una Björk Sigurðardóttir listakona.

# Valgerður verður María í Söngvaseiði

Valgerður Guðrún Guðnadóttir sópran mun leika Maríu í Söngvaseiði, eða Sound of Music, í Borgarleikhúsinu næsta leikár. Valgerður er nýbökuð móðir, sem hæfir hlutverkinu einkar vel, því eins og margir vita verður María í verkinu barnfóstra Von Trapp-systkinanna sjö.

Valgerður er enginn viðvaningur þegar kemur að söngleikjum en áður hefur hún leikið Maríu Magdalenu í Jesus Christ Superstar-sýningu Verzlunarskólans, hlutverk Maríu í West Side Story Þjóðleikhússins og Janet í Rocky Horror Picture Show svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur hún fengið talsvert af hlutverkum innan Óperunnar. Valgerður hefur þar að auki ljáð persónum Disney, Mulan, Litlu hafmeyjunni og Pocahontas rödd sína.

Söngvaseiður var síðast settur upp hjá atvinnuleikfélagi fyrir tíu árum, hjá Leikfélagi Akureyrar. Þá fór Þóra Einarsdóttir með hlutverk barnfóstrunnar góðu. Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrði Litla leikklúbbnum og Tónlistarskóla Ísafjarðar við uppsetningu verksins 2003 og var sú sýning valin áhugamannasýning ársins það ár.

Dagskrá Leikfélags Reykjavíkur fyrir næsta leikár verður birt í heild sinni innan skamms, en þegar er vitað af Söngvaseið, Gosa, Fló á Skinni, öllum verkum Söruh Kane, þar á meðal Blasted í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur, einleik Bubba um Bubba, „devised“ verki sem ber heitið Útlendingar í stjórn Jóns Páls Eyjólfssonar, einleiknum Óskar og bleikklædda konan eftir Eric-Emmanuel Schmitt og Lonesome West eftir Martin McDonagh. - kbs



**SÖNGLEIKJASTJARNA** Valgerður Guðrún Guðnadóttir er María í Söngvaseiði. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**LÁRÉTT**
**2.** gas, **6.** óhreinindi, **8.** nudda, **9.** dorma, **11.** karlkyn, **12.** sljóvga, **14.** einkennis, **16.** sjúkdómur, **17.** gagn, **18.** kærleikur, **20.** búsmali, **21.** eignarfornafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hland, **3.** öfug röð, **4.** penisilín, **5.** hald, **7.** sætuefni, **10.** óvild, **13.** vöntun, **15.** bakhluti, **16.** blástur, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loft, **6.** im, **8.** núa, **9.** sef, **11.** kk, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ms, **17.** nyt, **18.** ást, **20.** fé, **21.** sitt.

**LÓÐRÉTT: 1.** piss, **3.** on, **4.** fúkalyf, **5.** tak, **7.** melassi, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** más, **19.** tt.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Keilir.
2. Tólf tonn.
3. Snorri Ásmundsson.

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

## EYÞÓR GUÐJÓNSSON: GERIR SKEMMTIGARÐ FYRIR FULLORÐNA

# Villta vestrið í Gufunesi

Göngugarpar á leið sinni um Gufunesið hafa rekið augun í timburhúsaþyrpingu í anda Villta vestursins. Þar er um að ræða fyrsta hlutann af skemmtigarði sem athafnamaðurinn Eyþór Guðjónsson er að reisa á svæðinu. „Þetta er Villta vestrið,“ segir Eyþór dulur.

Þessi sviðsmynd mun vera ætluð sem paintball-svæði og er hönnuð af Hollywood-leikmyndahönnuðinum Robb Wilson King sem hefur hannað leikmyndir fyrir yfir fimmtíu Hollywoodmyndir. Eyþór vill sem minnst gefa upp um hvernig svæðið verður í sinni lokamynd en eftir þeim upplýsingum sem blaðamaður fékk á svæðinu á eftir að mála þyrpinguna og hengja upp ýmis skilti. Einnig verður komið fyrir hestvögnum og hengingargálga svo eitthvað sé nefnt.

Eyþór segir að garðurinn, sem líklegast mun heita Skemmtigarðurinn í Grafarvogi, sé hugsaður fyrir fullorðna fólkið, frekar en börn. Á meðan Húsdýragarðurinn sé gerður fyrir börnin, en foreldrarnir komi með, þá sé þessi garður hugsaður fyrir fullorðna fólkið, en með tíð og tíma muni börnin geta komið með. Einnig sé hann kjörinn fyrir erlenda ferðamenn, en skortur er á afþreyingu fyrir þá að mati Eyþórs.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Villta vestrið vera einungis fyrsta af fleiri sviðsmyndum sem munu rísa í skemmtigarðinum. Einnig er stefnt að því að gera par 3 golfvöll í kringum sviðsmyndirnar. Rætt er um að Eyþór muni nýta þau sambönd sem hann hefur í Hollywood talsvert í uppbyggingu garðsins, sem sýnir sig best á leikmyndahönnuðinum sem gerði Villta vestrið. Eyþór þekkir vel til í kvikmyndaheimi Bandaríkjanna en hann og leikstjórinn Eli Roth eru góðir vinir en einnig hefur farið vel á með Eyþóri og Quentin Tarantino. Eyþór lék til að mynda í hryllingsmyndinni Hostel og var meðframleiðandi að Hostel Part II.

Hingað til hefur Eyþór haldið úti paintball-svæði í Straumsvík en það mun flytjast í Gufunesið þegar Villta vestrið verður tilbúið.

soli@frettabladid.is



**GLÆSILEGT** Áætlað er að Villta vestrið verði klárt í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NEGLT OG SAGAÐ** Unnið er hörðum höndum að því að byggja Villta vestrið.



**ATHAFNAMAÐURINN** Eyþór Guðjónsson athafnamaður er maðurinn á bak við Villta Vestrið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breski tónlistarmaðurinn **Tricky** segir að rödd **Hafdísar Huldar** hljómi eins og Jesús í lagi sínu Cross to Bear, sem Hafdís syngur á nýjustu plötu hans Knowle West Boy. Hafdís söng reyndar á sínum tíma lagið Is Jesus Your Pal? með hljómsveitinni GusGus og því virðist tenging Hafdísar við Frelsarann ætla að verða ansi lífsseig á ferli hennar.



**Emiliana Torrini**, sem einnig syngur á plötu Trickys, ætlar í tónleikaferð um Evrópu í október til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni Me and Armini. Ferðast hún meðal annars um Bretland og Þýskaland en platan kemur út áttunda september. Síðasta plata Emilíönu, Fisherman´s Woman, hlaut mjög góðar viðtökur og því eru miklar væntingar gerðar til nýju plötunnar.



Auglýsing listamannsins **Snorra Ásmundssonar** eftir mannslíkum til nota í vídeóinnsetningu sem hann hyggst sýna á Listasafni Akureyrar í febrúar vakti gríðarlega eftirtekt, enda verkefnið afar umdeilt. Þótt margir velti því fyrir sér hvort slíkt sé siðferðislega rétt virðist þó sem einhverjir líti verkefnið öðrum augum, því Snorra munu þegar hafa borist tvö tilboð.

- fb/ - sun



FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

**Glænýr villtur lax**

**Úrval fiskrétta á grillið**

*Óbreytt fiskverð frá áramótum*



**opið**
**mán-fös 10-18:15**
**og lau 11-14:00**

# Slær í gegn með uppistand

Rapparinn Unnar Freyr Theódórsson hefur látið lítið að sér kveða í rappsenunni undanfarið ár, en hann er stórt nafn í hipphoppmenningu Dana þar sem hann gengur undir nafninu U-Manden. Undanfarið hefur hann reynt fyrir sér á öðrum vettvangi – uppistandi. Heimasíðan www.rapgame.dk birtir viðtal við rapparann og uppistandarann þar sem hann segir vin sinn til margra ára hafa ýtt sér út í þetta. „Mér fannst rappið ekki vera rétta formið fyrir mig akkúrat núna. Ég er nærri 32 ára og á von á mínu öðru barni,“ segir Unnar við síðuna en uppistand hans mun hafa fengið frábærar viðtökur ytra.

Frumraun Unnars í uppistandi var í nóvember á síðasta ári og hefur hann komið fram nokkrum sinnum eftir það. Hann segir reynsluna úr tónlistinni gagnast sér vel þegar kemur að því að ná til fjöldans. Sumarið er rólegur tími í uppistandinu en Unnar segir að um leið og hausti fari vertíðin af stað.

Unnar segist ekki vera hættur í rappinu, hann sé einungis í pásu. Hann er þó ekki einungis rappari og uppistandari heldur er hann einnig vinsæll plötusnúður og hefur í nógu að snúast í því allan ársins hring. Utan við þetta allt saman er hann bankastarfsmaður og lærður viðskiptafræðingur.

- shs



**U-MANDEN** Slær í gegn sem uppistandari í Danmörku.

# TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

## Panasonic




Vreal VIERA LINK

**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 94.990




Vreal² VIERA LINK

**Panasonic TH42PV70F**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 p.uppl., V-Real 2 Engine, Advanced 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive, 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarpi ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




Vreal² Full HD 1080p VIERA LINK

**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p.uppl., V-Real Pro 2 Engine, IPS Alpha skjá, Advanced 3D Colour, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarpi ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

## JVC




DynaPiX

**JVC LT37DA8**
37" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 6ms svartíma, Digital Comb Filter, Iinnb. DVB-T mótt., 12w RMS MaxxBass, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt.,VGA tengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




DynaPiX

**JVC LT32A90**
32" DynaPix Plus LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 6.000:1 skerpu, 24w Nicam Stereó með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, Textavarp ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




3D Cinema Sound DynaPiX

**JVC LT42DA8ZU**
42" DynaPix og D.I.S.T. LCD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 1.000:1 skerpu, fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), innb. DVB-T móttakara, 20w RMS Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Skoðaðu laun
yfir 500 Íslendinga
vísir.is






**BAKÞANKAR**
Þráins Bertelssonar

## *Peningakvótinn*

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, og Sigurður Einarsson stjórnarformaður hafa samkvæmt kauprétttarsamningum keypt hluti í félaginu fyrir samtals 492 milljónir króna á meira en helmingi lægra gengi en skráð er í Kauphöllinni. Heiðar Már og Sigurður eru einfaldlega að nýta kaupréttarsamninga sem þeim áskotnuðust í viðskiptum sínum við Kaupþing. Þessir skemmtilegu samningar sem án efa koma þeim félögum vel í kreppunni heimila Hreiðari og Sigurði að kaupa árlega allt að 812 þúsund hluti hvor í fimm ár á genginu 303.

**HVAÐA** fífli sem er leyfist að sjálfsögðu að kaupa sér hluti í Kaupþingi og taka með því áhættu á tapi eða gróða. Snilldin er fólgin í því að kaupa hluti á lægra gengi en markaðsverði – sem fjarlægir áhættu af viðskiptunum og hámarkar ágóðann. Allir vita að markaðsverð er stórhættulegt ef það er ekki í öruggum höndum.

**KAUPRÉTTARSAMNINGARNIR** sem Hreiðar Már og Sigurður eru þarna að prufukeyra eru vitaskuld aðeins tilraunaútgáfa af kvótakerfi í fjármálum sem verið er að taka upp til að vernda peningastofninn fyrir ofveiði. Í framtíðinni munu duglegir og réttsýnir aðilar breyta sér í milljarðamæringa án áhættu og fyrirhafnar með þessum sniðugu kvótasamningum sem forstjórarnir eru að fínslípa núna. Þessi frábæra tilraunastarfsemi hefur staðið í nokkur ár þannig að Hreiðar Már hefur eignast 8,2 milljónir hluta í bankanum á frábæru verði og hagnast soldið persónulega sem er auðvitað aukaatriði. Sigurður Einarsson á hins vegar tæplega 9 milljónir hluta og er markaðsvirði þeirra 6,4 milljarðar króna.

**KVÓTAKERFI** til að eignast peninga sýna svo að ekki verður um villst að væl í gamalmennum og öryrkjum út af glötuðu góðæri á engan rétt á sér. Ef fólk hefur áhuga á peningum á það einfaldlega að koma sér upp kvóta í stað þess að dorga eftir peningum í skólum, sjúkrahúsum, sjónum, moldinni eða á vinnustöðum. Þess vegna ræna bankaræningjar banka en ekki barnaheimili. Þar synda peningarnir eins og fiskur í sjónum. Þeim er borgið sem eignast peningakvóta. Aðrir mega dorga eftir marhnút af bryggjunni.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er mánudagurinn 11. ágúst, 225. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.07 | 13.33 | 21.56 |
| Akureyri | 4.40 | 13.18 | 21.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


ISUZU D-MAX ISUZU

# VERÐLÆKKUN
## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

**300.000 kr. afsláttur**



## ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

aðeins: **3.390.000 kr.**

3,0 l díselvél 163 hestöfl, **3ja tonna dráttargeta**, aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum, ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki

ENNEMM / SÍA / NM34855



### Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH INGVAR HELGASON